

**Þinggerð 77. ársþings KSÍ,  
haldið í Íþróttahúsinu á Torfnesi, Ísafirði, 25. febrúar 2023**

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til 77. ársþings KSÍ. Þingið hófst á stuttu myndbandi til minningar um þau sem féllu frá á síðastliðnu ári.

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, setti 77. ársþing KSÍ og mælti svo:

Þingforsetar, gestir og kærur félagar. Mikið er gaman að vera með ykkur öllum hérna á Ísafirði á 77. ársþingi KSÍ. Verið öll velkomin og takk fyrir að vera hér og taka þátt í því að móta og efla íslenska knattspyrnu. Það eru forréttindi fyrir mig að starfa með ykkur öllum.

Knattspyrnuhreyfingin á Íslandi er ein stærsta fjöldahreyfing landsins og lang stærsta íþróttin. Innan aðildarfélaganna okkar æfa og keppa tæplega 29 þúsund einstaklingar og í sameiningu sköpum við og höfum skapað öllum þessum iðkendum og þeim sem á undan hafa gengið tækifæri og möguleika til að æfa fótbolta, þroskast og bæta við getu sína ásamt því að ná árangri persónulega og á heimsvísu. Við þessa tölu bætist svo fjöldinn allur af sjálfboðaliðum, þjálfurum, dómurum, starfsfólki, foreldrum og stuðningsfólki - og saman myndum við okkar frábæru hreyfingu, sem er stór partur af lífi svo margra.

Í þessu felst ábyrgð. Við gegnum gríðarlega mikilvægu hlutverki og við njótum einnig þeirra forréttinda að hafa sterka rödd í samfélaginu. Þessa rödd þurfum við að nýta til góðs og megum ekki gleyma að samfélags ábyrgð okkar er mikil, sem bæði uppeldisafli og afrekshreyfing.

Við sem hér erum eigum það öll sameiginlegt að brenna fyrir fótboltann. Við erum kannski ekki sammála um hvert einasta atriði en við erum öll í sama liði. Liðinu sem vill efla íslenska knattspyrnu. Og til þess erum við hingað komin. Í dag ætlum við að ræða saman og kannski takast á. En við ætlum líka að gera eins og öll árangursrík lið gera. Sameinast. Búa til leikplan og ganga í lok dags samstíga út á völlinn. Fyrir 20 árum, eða á ársþingi 2003 sagði Eggert Magnússon þáverandi formaður í ávarpi sínu: Ágreining um leiðir og stefnur eigum við að leysa á lýðræðislegan hátt og takast á um málin á ársþingum. Þegar niðurstöður liggja fyrir og meirihlutinn hefur sagt sína skoðun á stefnu og starfsemi KSÍ, stendur hreyfingin saman sterk og sameinuð. Á því byggist styrkur okkar í dag og til framtíðar.

Mig langar að gera þessi orð Eggerts að leiðarljósi þessa þings. Við klárum málin hér í dag, tökumst kannski á, skiptumst á skoðunum en göngum svo sameinuð út í nýtt knattspyrnuár. Ekki við og þið, ekki KSÍ og félögin heldur ein hreyfing, ein rödd.

Árið 2022 var að mörgu leyti gott ár, þó vissulega hafi skipts á skin og skúrir. Mikil og þrotlaus vinna er lögð í rekstur félaganna og vil ég óska þeim sem náðu góðum árangri innilega til hamingju. Hinir halda áfram að berjast, því í fótboltanum er tap hluti af leiknum en við gefumst aldrei upp. Öllum sjálfboðaliðunum þakka ég kærlega fyrir þeirra mikilvæga framlag, án ykkar væri þetta ekki hægt. Árangur yngri landsliðanna var frábær á árinu 2022. Þrjú af fjórum liðum U17 og U19 fóru í milliriðla og aðeins einu marki munað að þau færu þangað öll. U21 karla komst í umspil og voru hársbreidd frá úrslitakeppni. U23 kvenna léku einn leik og leika tvo á þessu ári. A karla var í uppbyggingarferli og voru tekin mikilvæg skref til að búa liðið undir þetta mikilvæga ár 2023, þar sem kröfur um framfarir víkja fyrir kröfum um árangur. Öll vorum við svekkt með úrslit hjá A landsliði kvenna en örugglega engin eins svekkt og stelpurnar sjálfar og þjálfarar liðsins. Strax var hafist handa við að finna út hvað mætti betur fara og hef ég fulla trú á að sú vinna skili árangri. Málefni þjóðarleikvangs valda okkur hugarangri, það er ekki hægt að segja neitt annað en það. Það er búið að gera alls konar skýrslur og heilmikil vinna hefur

átt sér stað í mörg, mörg ár en það er engin raunhæf lausn í sjónmáli – og það er mikið áhyggjuefni, ekki síst út frá þeim aðstæðum sem upp eru komnar með mögulega umspilsleiki hjá A liðum karla og kvenna í febrúar og mars.

Reglulega er rætt um jafnrétti innan fótboltans. Innan KSÍ stöndum við vel þegar það kemur að jafnri stöðu kynjanna í nefndum og stjórn sambandsins en það er enn í mörg horn að líta í þeirri vegferð okkar að jafna stöðu kynjanna í íslenskri knattspyrnu. Jafnrétti er mín ástríða og það var mér eðlilega mikill heiður að flytja erindi tengt jafnrétti á fundi formanna og framkvæmdastjóra knattspyrnusambanda innan UEFA í október. Viðfangsefnið var fjölgun kvenna í nefndum og stjórn UEFA. Hjá okkur eru kynjahlutföll í stjórn og nefndum mjög jöfn og við höfum náð að fjölga konum á ársþingi okkar jafnt og þétt. Á ársþinginu í fyrra voru konur 20% þingfulltrúa, sem var það mesta í sögunni en á þessu þingi sláum við það met, förum upp í 27% sem er frábært. Mig langar að hrósa félögum fyrir að standa sig sífellt betur þegar kemur að þessu mikilvæga málefni. Ef við berum okkur saman við alþjóðlega félaga okkar stöndum við virkilega vel og sem dæmi eru eingöngu um 15% konur í nefndum á vegum UEFA og ein kona í stjórn. En auðvitað eigum við ekki að bera okkur saman við UEFA heldur eigum við að halda áfram í okkar eigin vegferð og setja markið hærra. Og þar langar mig að við leggjumst saman á árarnar.

Það er við hæfi, þar sem við erum á Ísafirði að ræða um landsbyggðina. Öll félög eiga sinn þátt í að efla knattspyrnu á Íslandi. Það er mikilvægt að ekki myndist gjá á milli litlu og stóru liðanna, landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Í gær heyrðum við virkilega áhugaverð erindi og umræður á málþinginu „Hvers vegna er fótbolti á landsbyggðinni mikilvægur fyrir allan fótbolta á Íslandi?“ en það skal áréttað að efni málþingsins kemur ekki til af ástæðulausu. Mörg höfum við áhyggjur af stöðu knattspyrnunnar á landsbyggðinni. Ferðalög verða fleiri og lengri, með tilheyrandi kostnaði og aðstaða er ekki nógu góð á of mörgum stöðum. Þetta er frjór jarðvegur fyrir brottfall, fækkun liða og aukið bil. Við sjáum skýr merki um þetta í dag. Þess vegna er samstaða okkar mikilvæg og það væri óskandi og í raun bráðnauðsynlegt að stjórnvöld komi með okkur í að vinna gegn þessari þróun. Annars er raunveruleg hætta á að illa fari.

Eins og alltaf er barnastarfið stór þáttur innan hreyfingarinnar. Hjartað okkar slær með börnunum og starfseminni í yngri flokkum. Þar byrjar þetta allt og verðmætin sem þar felast eru ómetanleg. Uppeldisstarfinu fylgir ábyrgð og gríðarleg vinna starfsmanna, þjálfara og ekki síst sjálfboðaliða í félögum um allt land. Sigurður Garðarsson fyrrum formaður Keflavíkur sagði við mig fyrir nokkru: „Ekki gleyma því Vanda að hlutverk okkar er fyrst og fremst að búa til gott fólk“. Ég held að við ættum öll að taka þessa setningu með okkur. Í því samhengi er vert að rifja upp að arðsemi og ávinningur grasrótarfótbolta er mikill, hver króna sem sett er í fótboltann skilar sér tífalt til baka. Ekki ætti því að tala um stuðning heldur fjárfestingu. Fjárfestingu í heilsu, heilbrigði og lífsgæðum. Nú, árið 2023, hefur þetta aldrei verið mikilvægara. Við þurfum öll að hjálpast að við að koma þessum skilaboðum á framfæri.

Upp úr barna- og unglingastarfi félaganna kemur landsliðsfólkið okkar.

Á milli 750 og 800 knattspyrnukonur og menn taka þátt í afreksstarfi KSÍ í 12 landsliðum, ásamt hæfileikamótun. Þetta eru allt frábærir leikmenn sem þið félögin búið til. Á árinu 2023 verða leiknir 93 landsleikir. Við erum reglulega á stórmótum, í umspili og milliriðlum. Við uppfyllum öll skilyrði sem sett eru í reglugerð afrekssjóðs ÍSÍ um úthlutanir en fáum þrátt fyrir þetta núll krónur enn eitt árið. Við leikum 40 – 60% færri yngri landsleiki en löndin sem við viljum bera okkur saman við, löndin sem við erum að spila gegn. Úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ myndi breyta miklu fyrir okkur öll.

Mér er tíðrætt um að horfa fram í tímann, gera áætlanir, markmið og stefnur - og gæta þess að við missum ekki af lestinni í þeirri miklu framþróun sem einkennir fótboltann í Evrópu. Auðvitað höfum við gegnum árin gert frábæra hluti, svo eftir er tekið víða um heim. Í alþjóðlegu samstarfi heyrum við reglulega setningarnar „Hvernig farið þið eiginlega að þessu þarna á Íslandi?“ og minni þjóðirnar segja „Fyrst Ísland getur þetta þá getum við þetta“ en við megum ekki sofna á verðinum. Margir innan íslenska fótboltans hafa áhyggjur af því að við séum að detta aftur úr. Þar á meðal ég og ýmsir hér inni í þessum sal. Við erum heilmikið að skoða hvað er í gangi erlendis og það má lýsa þessu eins og hraðlestum sem eru að spýttast af stað, jafnvel eldflaugar. Með tilheyrandi fjárfestingum. Auðvitað er margt að fara í rétta átt hjá okkur og bæði KSÍ og fjöldi félaga hér á landi hafa farið í stefnumótun og aukið fagmennsku, sem hefur sannarlega skilað sér – en betur má ef duga skal og við þurfum að taka enn fleiri skref.

Því þrátt fyrir góðan árangur á liðnum árum viljum við og þurfum við að bæta árangur íslenskrar knattspyrnu enn meira og fjölga leikmönnum í hæsta styrkleikaflokk. Og hér ætlum við okkur stóra hluti.

Fjármál – Skipulag og samstaða. Þetta eru atriðin þrjú sem eru uppskrift að og órjúfanlegur partur af þeim árangri sem hér hefur náðst. Með skipulagi á ég við framtíðarsýn og stefnumótun. Dæmin sýna að með ósamstæðu poti og gjá milli félaganna og KSÍ missum við flugið. Erfiðleikar koma oft eftir velgengni sagði fulltrúi UEFA eitt sinn á ársþingi fyrir nokkru árum - sem Gísli Gíslason fyrsti þingforseti sagði mér frá í gær og nefndi dæmi þegar slíkt hafði gerst. Mér fannst þetta sérlega áhugavert því ef rýnt er í stöðuna þá höfum við lent í ákveðinni togstreitu eftir okkar velgengni. Ekki er nægjanlegt skipulag, ekki horft nægjanlega fram í tímann og ekki síst ekki nægjanleg samstaða. Við bendum stundum hvert á annað, við og þið, KSÍ og félögin og við deilum um peninga. Við verðum að breyta þessu. Við þurfum að finna gildin okkar og hugsjónir, hvert við viljum fara og hvernig - og standa saman. Fjármál – skipulag – og samstaða. Uppskrift að árangri.

Mig langar að enda á að kynna fyrir ykkur tvær leiðir sem ég tel að við þurfum að koma á, sem partur af þessu - og útskýra af hverju.

Það er okkar allra hagar að fá sem allra best afreksfólk. Því við fáum mjög mikið út úr því, eins og til dæmis stórmót, riðlakeppni evrópukeppna félagsliða, fleiri áhorfendur, leikmenn seldir. Allt eykur þetta fjárhaginn. Við hljótum öll að vera sammála um að þetta er eitthvað sem við viljum. Spurningin er þá hvað við þurfum að gera til að ná þessu fram? Og það er verkefnið okkar saman. Við hjá KSÍ erum að skipuleggja tvær mögulegar leiðir. Ekki það eina sem þarf að gera en þetta er það sem við viljum byrja á. Fyrst ber að nefna knattspyrnuvísindasvið sem hefur það markmið að koma okkur í fremstu röð í þáttum eins og greiningarvinnu, tölfræði og fitness. Við þurfum að gera fótboltarannsóknir, efla þekkingu þjálfara og leikmanna o.s.frv. Við erum eftirbátar á þessu sviði. Þessi vinna er hafin og erum við að leita styrkja frá FIFA til fjármögnunar. Síðan er það knattspyrnu- og þróunarnefnd en í tillögunum á eftir er lagt til að koma þessari nefnd á. Hugmyndin vaknaði út frá landsliðsnefndum og þverrandi hlutverki þeirra. Við fórum að spyrjast fyrir á Norðurlöndunum og í ljós kom að þar er búið að leggja þessar nefndir niður en í staðinn t.d. í Danmörku er komin fag-nefnd. Í Svíþjóð afreks-nefndir. Hvorutveggja hefur það hlutverk að stuðla að framþróun fótboltans og bættum árangri. Í Svíþjóð virkar þetta þannig að þar er knattspyrnu- og þróunarnefnd og sú nefnd setur af stað ýmis verkefni, undirhópa. Þar eru einnig samráðsfundir o.fl. Til að sýna ykkur þetta stuttlega: Ýta á hlekkinn og tala aðeins um

Fjárfestum til framtíðar. Ég get ekki lagt nógu mikla áherslu á hvað þetta er mikilvægt.

Þetta þarf að útfæra og það er verkefnið okkar saman.

Niðurstaðan er að ef við ætlum að ná árangri verðum við að standa saman. Samráð og samtal er partur af því. Og það er ekki eftir neinu að bíða. Á borðunum ykkar eru blöð til að skrifa á. Ég vil biðja ykkur að spjalla saman við fólkið sem næst ykkur situr og svara spurningunum (megið velja eina eða fleiri). Hvernig bætum við árangur í íslenskum fótbolta? Hvaða skilaboð mynduð þið vilja senda mér og stjórn KSÍ? Ef þið mynduð vilja breyta einhverju einu, hvað væri það?

Takk fyrir þessa frábæru vinnu – sem við munum sannarlega nota og taka upp strax á næsta stjórnarfundum.

Að lokum langar mig að þakka Ísfirðingum og Vestra kærlega fyrir móttökurnar. Þið eruð höfðingjar heim að sækja – eða eins og annar þingforseti sagði við mig í gær: „Það er gott að vera á Ísafirði.“

Ég lít á þetta fyrsta ár mitt og stjórnarinnar sem hálfgerða upphitun. Svo til alveg ný stjórn, nýr formaður, mikið að setja sig inn í og læra á. En núna er dómariinn að flauta til leiks. Upphitun er lokið, leikurinn er að byrja. Nú brettum við upp ermar og látum verkin tala. Áfram Ísland og áfram íslenskur fótbolti.

Ég lýsi því yfir að 77 ársþing KSÍ er hér með sett.

Takk fyrir.

**Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár voru afhent fyrir ársþing að þessu sinni, en þau hlutu:**

- Grasrótaverðlaun KSÍ:
  - Grasrótaverkefni ársins – Þróttur R. fyrir grasrótarfótbolta eldri flokks.
  - Grasrótarfélag ársins – Hamar fyrir þrautseigju í starfi yngri flokka við erfiðar aðstæður.
  - Grasrótarpersóna ársins – Jón Th. Jónsson fyrir störf sín hjá Skallagrími í Borgarnesi.
- Jafnréttisverðlaun KSÍ: Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna.
- Fjölmíðlaverðlaun KSÍ: Bjarni Helgason fyrir þættina „Dætur Íslands“ á mbl.is.
- Viðurkenningu fyrir dómaramál:
  - Fyrirmyndarfélag – FH
  - Hvatningarverðlaun - Fylkir
- Háttvísiviðurkenning í Bestu deild karla: Stjarnan.
- Háttvísiviðurkenning í Bestu deild kvenna: ÍBV.
- Háttvísiviðurkenning í Lengjudeild karla: Fylkir.
- Háttvísiviðurkenning í Lengjudeild kvenna: Grindavík.
- Háttvísiviðurkenning í 2. deild karla: Njarðvík og Ægir.
- Háttvísiviðurkenning í 2. deild kvenna: Hamar.
- Háttvísiviðurkenning í 3. deild karla: Elliði.
- Háttvísiviðurkenning í 4. deild karla: KFB.

---

**Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, gerði tillögu um eftirtalin í kjörbréfanefnd og voru þau sjálfkjörin:**

Haraldur Haraldsson, formaður  
Margrét Hafsteinsdóttir  
Guðmundur Bj. Hafþórsson  
Engar athugasemdir bárust og kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

**Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:**

1. þingforseti: Gísli Gíslason  
2. þingforseti: Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir  
og voru þau bæði samþykktir af þingfulltrúum. Þingforsetar tóku því næst við þingstjórn.

**Þingforseti bar fram tillögu um 1. og 2. þingritara:**

1. þingritari: Hulda Birna Baldursdóttir  
2. þingritari: Dagur Sveinn Dagbjartsson  
og voru þau bæði samþykkt og tóku þegar til starfa.

**Ávörp gesta**

**Hafsteinn Pálsson**, fulltrúi ÍSÍ, ávarpaði þingið. Hafsteinn flutti þingheim kveðjur forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra og starfsfólks í upphafi erindis, með þökkum fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Hafsteinn ræddi um að síðasta ár hafi verið annasamt í íþróttahreyfingunni og mörg verkefni framundan. Undirbúningur fyrir íþróttaping, sem haldið verður 2. maí, standi yfir og fyrir þessu þingi lægju fyrir margar áhugaverðar lagabreytingar sem ÍSÍ fylgist náið með.

Hafsteinn minntist á mikilvægi tekjustofna íþróttahreyfingarinnar og benti sérstaklega á mikilvægi Íslenskrar Getspár og Íslenskra Getrauna. Hafsteinn sagði að þessi fyrirtæki skipti alltaf meira og meira máli og mikilvægt væri að standa vörð um þessi fyrirtæki.

Hafsteinn kom inn á umræðuna um þjóðarleikvanga og sagðist vonast til þess að sú störukeppni sem verið hefur, taki enda og að íþróttahreyfingin komist áfram með þessi mál. Von hans væri að stutt væri í uppbyggingu og að sú undirbúningsvinna sem hefur verið unnin fái farsæla framvindu.

Hafsteinn sæmði Jóhann Króknes Torfason heiðurskrossi ÍSÍ, undir standandi lófaklappi þingfulltrúa.

Að lokum óskaði Hafsteinn þinginu góðs gengis, með von um að þingið skili knattspyrnunni enn frekari árangri og bjartri framtíð.

**Heidi Beha**, fulltrúi FIFA, ávarpaði þingið. Heidi kom á framfæri kveðju til þingsins frá forseta FIFA, Gianni Infantino, og framkvæmdastjóra FIFA, Fatma Samoura.

Heidi sagði m.a. að Ísland væri fyrirmynd annarra þjóða, fámenn þjóð sem ögrar stærri þjóðum, bæði utan og innan vallar. Mæting KSÍ á FIFA þingið í Katar 2022 hafi verið dæmi um það, þar sem þrjár konur mættu fyrir hönd KSÍ. Það hafi engin þjóð nokkurn tímann gert áður og óskaði KSÍ til hamingju með þann áfanga.

Ræða Heidi Beha á ensku:

Dear President, dear Vanda, dear Representative of Iceland Sport and Olympic, Hafsteinn Pálsson, dear Mayor, Arna Lara Jonsdottir, dear General Secretary, dear Klara, dear Vice-Presidents, dear Board Members, dear Delegates, Staff members of the KSI, dear Football community of Iceland.

On behalf of the FIFA President Gianni Infantino and the FIFA General Secretary Fatma Samoura, I would like to express the best regards to you.

Unfortunately, it was not possible to travel today to the beautiful town and region of Ísafjörður and to attend the Congress together with you all in person.

Out of many initiatives of the KSI in the past year, I would like to congratulate you for the continuous work to develop the leagues with more games and more competition as well as the enhanced youth national team environment. This lays the basis for success and with the new FIFA Talent Development Scheme we are eager to support Icelandic football to reach new heights. The competition is tough in Europe – and qualification pathways for clubs and national teams and especially to FIFA tournaments are difficult. Of course, this shall not discourage you – FIFA is waiting for your national teams to qualify again or for the first time to our tournaments!

On a global scale, it is always very important for us at FIFA to have role models and examples to show. Iceland and Icelandic Football is such a role model. In several spheres Iceland has punched above its weight, beaten, or challenged big nations, pushed boundaries on and off the pitch: just one

example to mention: At the FIFA Congress in Qatar in 2022, Iceland was represented by three women – the President, GS, VP and according to our records this had not been achieved by any other nation before. Congratulations!

Iceland also stands out through the great collaboration of municipalities and the federation – municipalities like Ísafjörður, where women's football started and where young talents fall in love with the game and where the high numbers of participation come from. Iceland has a vivid football community that is nurtured by dedicated, competent technicians, referees, coaches, and administrators in all corners of the country.

On behalf of FIFA: A sincere and big Thank you for all your efforts!

FIFA is proud to support you in continuing to pursue your way, the Icelandic way. I am wishing you a successful football year ahead and a productive Congress today.

**Valentina Mercolli**, fulltrúi UEFA, ávarpaði þingið. Valentina kom á framfæri kveðju frá forseta UEFA, Aleksander Čeferin, og framkvæmdastjóra UEFA, Theodore Theodoridis.

Valentina gerði fjárhagsstuðning UEFA til aðildarþjóða að umræðuefni, en aðildarþjóðir sækja um fjármuni og gera grein fyrir sínum verkefnum í svokölluðu HatTrick verkefni UEFA. Á síðasta þingi UEFA var það ákveðið að auka verulega þann stuðning og alls mun UEFA greiða aðildarþjóðum 935 milljónir evra (um 146 milljarða króna) frá júlí 2024 til júlí 2027.

Valentina sagði einnig að hún hafi verið þess heiðurs aðnjótandi að vinna með KSÍ að ýmsum verkefnum og að það sé ánægjulegt að vinna með eins virku og áhugasömu knattspyrnusambandi.

Ræða Valentina Mercolli á ensku:

Dear President, dear representatives of the Football Association of Iceland, Icelandic football family, Icelandic Sports and Olympic Association and Public Authorities, allow me to wish you a warm welcome on behalf of the UEFA President, Mr. Aleksander Čeferin, and the UEFA General Secretary, Mr. Theodore Theodoridis.

I am very sorry that I am not able to be physically present with all of you today. Fortunately, nowadays, technology enables us to be everywhere, so I am happy to be able to follow your Congress online.

To be forgiven for my absence, please allow me to talk about the UEFA HatTrick Programme as I would like to share some good news from Nyon.

As all of you may already know, the UEFA HatTrick Programme is aimed at providing financial support to the UEFA member associations to develop football at all levels. The funding comes from the UEFA EURO Final Tournament



and is redistributed to the national associations over a four-year cycle. The next cycle, number 6, will start in July 2024.

At the last UEFA Congress, UEFA was pleased to announce a substantial increase of the total funding.

935 million Euros have been earmarked for HatTrick 6. Despite the difficulties caused by Covid-19 pandemic, UEFA managed to propose to its members an increase of 21%. This increase is crucial, especially for small national associations, to keep supporting the entire football pyramid and football development activities.

Since my appointment at UEFA, I had the pleasure to supervise a good number of HatTrick projects coming from Iceland, among which several editions of the construction fund, as well as other projects supported by other UEFA's programmes, as for example: the revision of the strategy, or the first Icelandic edition of the UEFA Certificate in Football Management.

Iceland has also been the initiator of a working group focusing on gender equality, with the main objective to increase female representation in the UEFA's 19 committees and executive committee.

To sum up, at UEFA we see efficient efforts being undertaken by the federation to further develop football and make it more accessible for everyone. On a personal note, it is always a great pleasure to cooperate with such an active and motivated federation!

I don't want to take too much of your time today, therefore, I would like to conclude by wishing you all a fantastic football season and a smooth Congress. TAKK!

**Auður Sólrún Ólafsdóttir**, fulltrúi Hagsmunasamtaka knattspyrnukvenna, ávarpaði þingið. Auður Sólrún þakkaði fyrir að fá tækifæri til að ávarpa þingið og eins þakkaði hún fyrir Jafnréttisviðurkenningu KSÍ, sem samtökin fengu þetta árið, á fyrsta starfsári samtakanna.

Auður mælti svo:

Kæru þingfulltrúar, ágætu gestir

Við í stjórn Hagsmunasamtaka Knattspyrnukvenna viljum byrja á því að þakka stjórn KSÍ fyrir boðið á þetta ársþing og einnig fyrir að veita okkur jafnréttisverðlaunin í ár nú í vikunni. Það er mikill heiður að hljóta þessi verðlaun á fyrsta ári samtakanna eftir að þau voru endurvakin.

Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna voru endurvakin 25. febrúar 2022 og hafa þau það að markmiði að auka samstöðu, sýnileika, jafnrétti og virðingu kvenna innan íþróttarinnar. Samtökin eru hugsuð sem sameiningarafl í



jafnréttisbaráttunni, innan knattspyrnufélaganna, sem og innan hreyfingarinnar.

Þegar hagsmunasamtökin voru stofnuð fyrst árið 1990 var framtíð knattspyrnu kvenna á Íslandi í hættu en með þessu samtökum var framtíð þeirra bjargað og mikil uppbygging hófst. Í framhaldinu fjaraði út starf samtakanna eftir mikla baráttu.

Sem betur fer var ekki það sama uppi á teningnum þegar samtökin voru endurvakin í fyrra. Það var virkilega gaman finna meðbyr með samtökunum úr öllum áttum. Á tveimur vikum skráðu um 400 einstaklingar sig í samtökin og yfir 80 mætu á fyrsta fundinn lðnó. Á þessu fyrsta ári vantaði heldur ekkert upp á áhuga fjölmiðla og náðu hagsmunasamtökin strax sterkri stöðu þegar kom að allri umfjöllun um knattspyrnu kvenna. En þessi meðbyr sýndi jafnframt þörf á samtökum eins og þessum. Og á þessu fyrsta ári hefur okkur ekki skort verkefni og höfum við meðal annars haldið tvö málþing, átt fundi með félögunum, KSÍ og ráðherra jafnréttismála.

Við höfum reynt að nota þetta fyrsta ár til að meta stöðuna og finna út hvar mesta þörfin er og hvað hefur tekist vel seinustu ár. Á málþingi okkar um viðhorf, menningu og fjármagn nú í janúar kom fram að ýmislegt hefur áunnist. Sýnileiki hefur aukist og jafnræði í aðbúnaði og umgjörð einnig, en þar kom einnig fram að félagsliðin hafi ekki náð að fylgja landsliðinu þegar kemur að umgjörð og aðbúnaði. Eitt af því sem hefur einnig áunnist er að knattspyrnukonur eru farnar að ætlast til meira jafnréttis og er það í takt við allt sem er að gerast í heiminum þegar kemur að knattspyrnu kvenna. Í því samhengi langar mig sérstaklega að nefna sigur Söru Bjarkar í máli sínu gegn einu stærsta knattspyrnuliði í heimi. Nú í vikunni tilkynnir svo fyrrum liðsfélagi Söru, og fyrirliði franska landsliðsins, Wendie Renard að hún ætli ekki að keppa á heimsmeistaramótinu í sumar vegna stjórnarháttá þjálfarateymis franska knattspyrnusambandsins. Þetta árið hafa fleiri erlendar stórstjórnur tjáð sig um ójafnrétti og það sama á við um leikmenn hér á landi. Einhverjum gæti þótt þetta neikvætt, en í ljósi þess að við höfum heyrt af ótta leikmanna við að tjá sig opinberlega um jafnrétti, eða öllu heldur ójafnrétti, innan hreyfingarinnar, þá teljum við þetta mjög jákvætt skref.

Það að þolinmæðin sé á þrotum, og að þráðurinn sé orðinn svona stuttur hjá knattspyrnukonum, er ekki þeim að kenna. Nú er tækifæri þeirra sem stjórna innan hreyfingarinnar til að bregðast við, þannig að trú og þolinmæðin aukist og þráðurinn lengist aftur. Það vantar alls ekki svo mikið upp á, sérstaklega hér á Íslandi, en eins og staðan er núna erum við föst í einhverskonar jafnréttisáru þar sem jafnréttið er meira en hjá flestum öðrum þjóðum. Flest viljum við aukið jafnrétti en á saman tíma eru einhvers konar blindpunktar sem við sjáum ekki, þar sem við erum alin upp við kerfi og í menningu, sem hefur hallað á konur í tugi ára.

Þessir blindpunktar eru einmitt það sem við í stjórn HKK höfum helst rekist á þetta fyrsta ár og þurft að takast á við hjá okkur sjálfum og benda öðrum

á. Eina leiðin til að taka næstu skref er að gera þetta saman og þora að horfa inn á við og stíga þessi næstu skref sama hvort sem það snúi að viðhorfi, menningu eða fjármagni. Við breytum engu nema við grípum tækifærið og tökum róttækar og leiðandi ákvarðanir í átt að auknu jafnrétti, jafnvel þó hagnaðurinn sé ekki sýnilegur strax og einungis til lengri tíma.

Við í stjórn HKK erum svo sannarlega til í þessi skref með ykkur öllum og hlökkum til.

Takk fyrir okkur.

**Jóhann Steinar Ingimundarson**, formaður UMFÍ, ávarpaði þingið.

Jóhann mælti svo:

Formaður og stjórn KSÍ, ágætu gestir og þingfulltrúar.

Það er alltaf ánægjulegt að koma á þing KSÍ. Þá er sérstaklega gaman að heyra hversu mikill samhljómurinn er í ávarpi formannsins og því sem við stöndum fyrir í ungmennafélagshreyfingunni. En það er líka alltaf gott að koma aftur hingað til Ísafjarðar. Hér höfum við haldið Unglingalandsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50 plús og sambandsráðsfund, þar sem forsvarsfólk innan Ungmennafélags Íslands ræddi um stöðuna og framtíðina.

Við þurfum að halda viðburði miklu oftari úti á landi og hlúa að grasrótinni. Gefa okkur tíma til að huga að tengslunum því maður er manns gaman.

Þrátt fyrir allt tal um kapp og keppni þá höfum við í íþróttahreyfingunni sameiginlega sýn. Við viljum ná betur til allra; grasrótarinnar, iðkenda og ekki síður þeirra sem af einhverju ástæðum eru ekki með í íþróttastarfinu. Við viljum öll vinna betur saman og bæta íþróttahreyfinguna. Það er samfélagsleg ábyrgð okkar hvort sem við erum innan KSÍ, ÍSÍ, eða UMFÍ, með fötlun eða ekki með fötlun, af erlendum uppruna eða eigum foreldra sem geta rakið ættir sínar langt aftur í aldir í Íslendingabók.

Við sjáum það í Ánægjuvöginni, sem er samstarfsverkefni ÍSÍ og UMFÍ, að börnum í efstu bekkjum grunnskóla, sem stunda íþróttir í skipulögð starfi, hefur fjölgað mikið. Það er afar ánægjulegt. Á sama tíma sjáum við að miklu færri ungmenni, sem eru frá heimilum þar sem annað tungumál er talað en íslenska eða eru í hópi þeirra sem skilgreina sig kynsegin, stunda íþróttir í skipulögðu starfi. Hvað veldur? Þarna verður að grípa til aðgerða – því gögn sýna að þau börn sem stunda áhugamál sín innan skipulags regluverks líður betur.

Við sem stöndum að þessu starfi vitum að íþróttir byggja upp seiglu. Þær búa börnin undir áskoranir lífsins. Í íþróttum fá ungir iðkendur bjargráð til lífstíðar. Þau prófa nýja hluti, reyna á sig, læra að setja sér markmið og vinna í teyrum, vinna undir álagi og takast á við mótlæti.

Ábyrgðin sem hvílir á félögunum er svo sannarlega mikil.

Í hnotskurn læra iðkendur íþróttafélagi að takast á við alla þá gleði og sorg sem fylgir því að vera til.

Þess vegna er það lýðheilsumál að ná til þeirra barna og ungmenna sem standa utan við skipulagt íþrótt- og tómstundastarf.

Það gerum við með öðruvísi nálgun á íþróttir og einstakar greinar, við bjóðum uppá fjölbreytni og valkosti. Við þurfum að fjölga leiðum sem opna dyr fólks að íþróttafélögunum, svo sem flestir geti komið og tekið þátt - á sínum forsendum.

KSÍ á hrós skilið fyrir að koma til móts við mismunandi þarfir iðkenda - fjölga tækifærum fólks um allt land sem hafa gaman af boltaíþróttum og opna augu þeirra fyrir íþróttinni.

Þetta var meðal annars gert með þannavöllum víða um land, Football Fitness og göngufótbolta fyrir eldri iðkendur. En heitið skiptir ekki máli ef nýbreytnin höfðar til fólks og kemur fleirum á hreyfingu.

Þetta er virkilega vel gert og við þurfum að sjá meira af hugmyndaríkum útfærslum í fleiri íþróttgreinum.

Stórhuga væntingar, samvinna og samstarf kalla á nýja hugsun bæði innan vallar sem utan, ný vinnubrögð og nýtt vinnulag. Það er ábyrgð hvers okkar að hafa auga fyrir því að allir verði með og fái verkefni við hæfi.

Lykilatriði samtímans eru fagmennska og þjónusta. Þau okkar sem ætla að líta fram á veg og draga vagninn áfram verða að tileinka sér hugrekki til að stíga inn í breyttan heim. Í heim þar sem við mótum umgjörðina og regluverkið öllum til heilla. Slíkt gerist á samkomum eins og hér.

Við hjá UMFÍ höfum lagt út í vinnu sem felur í sér að hlusta betur á grasrótina, framsækið samband sem veitir straumlínulagaða, samþætta en sveigjanlega þjónustu – og er með puttann á púlsinum.

En það krefst áræðis að vera framsækin og vinna að því að veita betri þjónustu en áður. Eitt af þeim verkefnum sem því tengist er endurskoðun á fyrirkomulagi íþróttahéraða.

Íþróttahéruðin eru nú 25 og skiptast þau í sjö íþróttabandalög og átján héraðssambönd. Skiptingin hefur verið óbreytt um áratuga skeið. Á sama tíma hefur starfsemi þeirra þróast í ólíkar áttir.

Í raun má segja að íþróttahéruðin séu jafn ólík og þau eru mörg.

Sýn okkar er að styrkja þarf íþróttahéruðin. Efla þau og skerpa á hlutverki þeirra svo þau geti veitt betri og samræmdari þjónustu um allt land með skýrari og skarpari boðleiðum.

Það styrkir nærsamfélag héraðanna sjálfra og stuðlar að bættu starfsumhverfi sjálfboðaliða og starfsmanna. Það mun síðan verða til hagsbóta fyrir iðkendur og þar með íþróttalífið í landinu.

Samtal stendur nú yfir í samvinnu UMFÍ og ÍSÍ og það verður spennandi að sjá hvaða tillögur verða lagðar fram.

Og aðeins meira um nýjungar, styttri boðleiðir, framfarir og aukna samvinnu.

Nýverið tók UMFÍ stórt skref þegar við fluttum þjónustumiðstöð okkar í Reykjavík í Íþróttamiðstöðina við Engjaveg. Þótt við séum nýflutt þá hefur nálægðin við ÍSÍ, ÍBR, UMSK og sérsamböndin nú þegar skilað sér í enn betra og meira upplýsingaflæði en við höfum áður séð. Meiri krafti og fleiri möguleikum. Samvinnan skapar tækifæri sem bætir starfið. Skrefið mun vonandi setja mark sitt á framtíðina.

Að lokum langar mig að fjalla um samstarf sem bætir íþróttahreyfinguna og lengi var beðið eftir. Samræmd viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf liggur nú fyrir og er aðgengileg öllum. Þar koma fram leiðbeiningar sem eiga að hjálpa til við að taka á við erfiðan og flókinn málaflokk.

Við viljum hvetja ykkur öll til að kynna ykkur viðbragðsáætlunina og nýta þau úrræði sem þar koma fram ef slík mál koma upp í starfi ykkar.

Áður en ég kveð flyt ég ykkur kveðju stjórnar og starfsfólks Ungmennafélags Íslands.

Ég óska knattspyrnuhreyfingunni velfarnaðar, þakka starfsmönnum og sjálfboðaliðum fyrir óeigingjarnt starf, og óska ykkur góðs gengis á þinginu í dag.

Munum að í stóru myndinni erum við öll í sama liðinu og viljum landi og þjóð allt hið besta.

Höldum áfram að þora og verum þær fyrirmyndir sem við viljum að íþróttahreyfingin standi fyrir.

Það er okkur öllum og samfélaginu til góða.

Takk fyrir mig.

**Arna Lára Jónsdóttir**, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, ávarpaði þingið. Hún óskaði Jóhanni Króknes Torfasyni innilega til hamingju með heiðurskross ÍSÍ og mælti svo:

Þinggestir.

Mig langar að byrja á að bjóða knattspyrnuhreyfinguna og aðra gesti velkomna til Ísafjarðar.

Það er mikil heiður fyrir Ísafjörð og Ísafjarðarbær að ársþing KSÍ sé haldið á Ísafirði. Ég vil hrósa hreyfingunni fyrir það áræði að halda reglulega þing sín á landsbyggðinni og er það til mikillar fyrirmyndar.

Saga knattspyrnunnar Ísafirði á sér langa sögu, 1905 fór fram fyrsti knattleikurinn á Ísafirði en æfingar hófust árið 1902

Árið 1912 fóru fram tveir leikir milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Fyrri leikurinn fór svo að Ísfirðingar unnu 4 gull en Bolvíkingar eitt, og seinni leiknum lyktaði með að Ísfirðingar unnu tvö gull en Bolvíkingar eitt.

Nú spila Ísfirðingar og Bolvíkingar saman í liði undir merkjum Vestra og Harðar.

Stúlkur voru líka áhugasamar um knattspyrnu á Ísafirði á fyrstu árum knattspyrnunnar (og enn í dag). Hvöt á Ísafirði, var fyrsta knattspyrnufélag kvenna á Íslandi og var það stofnað árið 1914. Mörgum þótti ekki mikið til knattspyrnuíðkunar kvenna koma á þessum tíma og töldu að fótboltaæfingarnar gætu haft vond áhrif á vaxtarlag kvenna og framtíð þeirra.

Nú tölum við um mörk í stað gulls og erum fullviss um að knattspyrnuíðkun hefur að öllu leyti góð áhrif á vöxt og framtíð kvenna.

Árið 2023 skrifum við nýjan kafla í sögu knattspyrnunnar hér á Ísafirði. Við munum hefja framkvæmdir við að leggja nýjan gervisgrasvöll sem mun verða mikil bylting í aðstöðu og mun leysa af hólmi núverandi grasvöll sem var vígður árið 1980. Einnig áætla Vestri tefla fram kvennaliði í sumar langt hlé en þau áform að 2. Deild kvenna verði ekki tvískipt setur strík í reikninginn. En vonandi náum við að tefla fram liði því góður er efniviðurinn.

Ég óska ykkur velfarnaðar í störfum ykkar á þinginu.

Að loknu erindi færði Arna Lára formanni KSÍ, Vöndu Sigurgeirsdóttur, bók um sögu knattspyrnunnar á Ísafirði að gjöf.

## Álit kjörbréfanefndar

Haraldur Haraldsson, formaður kjörbréfanefndar, flutti álit kjörbréfanefndar.

| Félag            | Réttur til þingsetu | Mæting | Þingfulltrúar   |
|------------------|---------------------|--------|---|
| Afturelding      | 3                   | 3      | Erla Eiríksdóttir, Eva Dís Sigrúnadóttir, Hafsteinn Pálsson.                                  |
| Augnablik        | 3                   | 3      | Sigmar Ingi Sigurðarson, Sigrún Óttarsdóttir, Halldór Arnarsson.                              |
| Álafoss          | 1                   | 0      |   |
| Álftanes         | 1                   | 1      | Björgvin Jóníusson.   |
| Árborg           | 1                   | 0      |   |
| Berserkir/Mídas  | 1                   | 1      | Sváfnir Gíslason.   |
| Breiðablik       | 4                   | 4      | Flosi Eiríksson, Erna Björk Sigurgeirsdóttir, Hekla Pálmadóttir, Ísleifur Gissurarson.        |
| Dalvík/Reynir    | 2                   | 0      |   |
| Einherji         | 1                   | 0      |   |
| Elliði           | 1                   | 0      |   |
| FH               | 4                   | 4      | Valdimar Svavarsson, Guðmundur Jón Viggósson, Freydís Karlsdóttir, Viðar Halldórsson.         |
| Fjölnir          | 3                   | 0      |   |
| Fram             | 4                   | 4      | Agnar Þór Hilmarsson, Daði Arnarsson, Daði Guðmundsson, Kristinn Bjarnason.                   |
| Fylkir           | 4                   | 3      | Arnar Þór Jónsson, Stefanía Guðjónsdóttir, Ragnar Páll Bjarnason.                             |
| GG               | 1                   | 0      |   |
| Grindavík        | 3                   | 0      |   |
| Gróttta          | 3                   | 0      |   |
| Hamar            | 1                   | 0      |   |
| Hamrarnir        | 1                   | 0      |   |
| Haukar           | 2                   | 0      |   |
| HK               | 4                   | 1      | Baldur Már Bragason.  |
| Hvíti riddarinn  | 1                   | 0      |   |
| Hörður Í.        | 1                   | 1      | Eyþór Bjarnason.  |
| Höttur           | 1                   | 1      | Guðmundur Bj. Hafþórsson.   |
| Huginn           | 1                   | 1      | Sveinn Ágúst Þórsson.   |
| ÍA               | 3                   | 3      | Eggert Herbertsson, Ingimar Elí Hlynsson, Jóhannes Smáráson.                                  |
| ÍBV íþróttafélag | 4                   | 4      | Hávarður Bernharðsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Hafrún Jónsdóttir, Jón Hálfán Pétursson. |
| ÍR               | 2                   | 1      | Auður Sólrún Ólafsdóttir  |
| KA               | 4                   | 2      | Guðrún Svava Baldursdóttir, Ragnar Heiðar Sigtryggsson.                                       |
| Kári             | 1                   | 1      | Sigrún Ríkharðsdóttir.  |
| Keflavík         | 4                   | 1      | Böðvar Jónsson.   |
| KF               | 2                   | 1      | Þórir Hákonarson.   |

|                 |     |    |  |
|-----------------|-----|----|--|
| KFA             | 2   | 1  | Eva Dís Pálmadóttir.   |
| KFR             | 1   | 1  | Tinna Erlingsdóttir.   |
| KFS             | 1   | 1  | Trausti Hjaltason.   |
| KH              | 1   | 0  |  |
| Kormákur/Hvöt   | 1   | 0  |  |
| KR              | 4   | 4  | Valgerður Erlingsdóttir, Gunnar Einarsson, Margrét Hafsteinsdóttir, Sigurður Ö. Jónsson. |
| KV              | 1   | 0  |  |
| Leiknir R.      | 3   | 0  |  |
| Léttir          | 1   | 0  |  |
| Magni           | 1   | 0  |  |
| Njarðvík        | 3   | 0  |  |
| Reynir S.       | 1   | 0  |  |
| Selfoss         | 4   | 4  | Fannar Karvel, Grímur Óli Geirsson, Pálína Jóhannsdóttir, Kristinn Björgúlfsson.         |
| Sindri          | 2   | 2  | Arna Ósk Harðardóttir, Steindór Sigurjónsson.  |
| Skallagrímur    | 1   | 1  | Oddný Eva Böðvarsdóttir.   |
| SR              | 1   | 0  |  |
| Stjarnan        | 4   | 2  | Jóhann Steinar Ingimundarson, Sigurður Sveinn Þórðarson.                                 |
| Tindastóll      | 4   | 3  | Guðný Axelsdóttir, Páll Friðriksson, Jakob Frímánn Þorsteinsson.                         |
| Valur           | 4   | 0  | E. Börkur Edvardsson   |
| Vestri          | 3   | 3  | Samúel Samúelsson, Ívar Pétursson, Sindri Snæfells Kristinsson.                          |
| Víðir           | 1   | 0  |  |
| Víkingur Ó.     | 2   | 1  | Þorsteinn H. Harðarson.  |
| Víkingur R.     | 4   | 4  | Haraldur Haraldsson, Heimir Gunnlaugsson, Tryggvi Björnsson, Sverrir Geirdal.            |
| Vængir Júpíters | 1   | 0  |  |
| Völsungur       | 2   | 0  |  |
| Ýmir            | 1   | 0  |  |
| Þór             | 3   | 2  | Jónas L. Sigurðsson, Guðmundur K. Jónasson.  |
| Þróttur R.      | 4   | 2  | Bolli Már Bjarnason, Kristófer Ólafsson.   |
| Þróttur V.      | 2   | 2  | Gísli Sigurðarson, Gunnar Helgason.  |
| Ægir            | 3   | 3  | Baldvin Borgarsson, Lárus Arnar Guðmundsson, Sveinn Jónsson.                             |
|                 | 138 | 76 |  |

Fyrirnefndir 76 fulltrúar (af 138) frá 62 félögum mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt.

**Framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.** Skýrsluna er að finna á sérstakri heimasíðu sem búin var til um skýrslu stjórnar.

**Borghildur Sigurðardóttir, fyrsti varaformaður KSÍ og formaður fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ, lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.**

#### Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga:

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar sagði það ótækt að KSÍ fengi ekki krónu úr afrekssjóði ÍSÍ. Hann sagðist vonast til að sjá breytingu á því. Viðar sagði niðurstöðu ársreikningsins frábæra og

óskaði KSÍ til hamingju með góðan ársreikning. Viðar sagði að taka mætti fram bónusgreiðslur til leikmanna karla og kvenna. Hann jafnframt sagði það miður að umræðan væri sú að félögin væru að fá of mikinn pening. KSÍ væri ekkert annað en félögin í landinu.

Þórir Hákonarson (KF) tók til máls. Þórir óskaði hreyfingunni til hamingju með góða niðurstöðu í ársreikningi. Þórir kom inn á ræðu formanns KSÍ, þar sem hún talaði um knattspyrnuvísindi og að við þyrftum að horfa til framtíðar. Þórir sagði að félög hér á landi væru að vinna í allt öðru umhverfi en félög erlendis. Félög hér á landi væru háðari fjármagni frá knattspyrnusambandinu en félög erlendis. Samanburður KSÍ við önnur knattspyrnusambönd væri KSÍ í óhag og Þórir sagðist skilja það mjög vel. Hann sagði jafnframt að taka bæri þann samanburð alla leið og bera saman rekstrauhverfi sem félög hér á landi búa við, samanborið við félög annars staðar í Evrópu. Þórir sagðist hugsi yfir hækkun á rekstrarkostnaði og skrifstofukostnaði hjá KSÍ. Hækkunin væri tæplega 100 milljónir króna frá áætlun 2022 í áætlun 2023 og að þessi liður hafi farið 50 milljónir fram úr áætlun árið 2022. Hann sagðist hafa skilning á því að þörf væri á fjölgun starfsmanna en benti á að félögin væru í sömu sporum. Þau þurfa meiri fjármuni. Jafnframt vildi hann koma á framfæri ábendingu um uppsetningu ársreikningnum hvað varðar framlög til aðildarféлага. Samkvæmt ársreikningi er sú upphæð rúmlega 150 milljónir króna en inni í þeirri tölu ríflega 20 milljónir sem eru sjónvarps- og markaðsréttindi vegna Bikarkeppni KSÍ. Það sé upphæð sem félögin, sem taka þátt í bikarkeppninni, eiga, að hans viti. Það hafi aldrei áður verið fært inn sem framlög til aðildarféлага heldur aðeins verið greitt til þeirra féлага sem taka þátt í Bikarkeppninni, karla- og kvenna megin.

**Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.**



## Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 18

Tillögur á þingskjölum 6 til 13 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

## Þingskjal 6 – Fjárhagsáætlun

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði framsögu.

## Fjárhagsáætlun 2023

|   | Áætlun 2023           | Raun 2022             | Áætlun 2022           |
|---|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                             |                       |                       |                       |
| Styrkir og framlög                                | 1.101.225.100         | 1.060.931.496         | 1.071.902.246         |
| Tekjur af landsleikjum                            | 156.890.035           | 207.669.768           | 195.400.000           |
| Sjónvarpsréttur                                   | 415.022.000           | 504.600.317           | 359.050.381           |
| Aðrar rekstrartekjur                              | 111.817.388           | 96.797.046            | 88.128.000            |
| Mótvægisstyrkur v Covid                           | 0                     | 110.117.814           | 0                     |
| Rekstrartekjur Laugardalsvallar                   | 71.521.619            | 67.239.665            | 63.156.384            |
|   | <b>1.856.476.141</b>  | <b>2.047.356.106</b>  | <b>1.777.637.011</b>  |
| <b>Rekstrargjöld</b>                              |                       |                       |                       |
| Kostnaður við landslið                            | -844.445.559          | -931.627.077          | -871.437.838          |
| Mótakostnaður                                     | -260.122.628          | -245.713.892          | -235.262.139          |
| Fræðslukostnaður                                  | -60.207.804           | -62.167.700           | -64.608.670           |
| Skrifstofu- og rekstrarkostnaður                  | -397.802.109          | -351.621.796          | -304.901.638          |
| Húsnæðiskostnaður                                 | -22.885.092           | -26.660.614           | -25.050.000           |
| Rekstrargjöld Laugardalsvallar                    | -105.648.080          | -86.698.443           | -93.156.384           |
| Afskriftir  | -45.000.000           | -44.005.214           | -47.000.000           |
|   | <b>-1.736.111.272</b> | <b>-1.748.494.736</b> | <b>-1.641.416.669</b> |
| <b>Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld</b>       | <b>120.364.869</b>    | <b>298.861.370</b>    | <b>136.220.342</b>    |
| <b>Aðrar tekjur og gjöld</b>                      |                       |                       |                       |
| Styrkir vegna Mannvirkjasjóðs KSÍ                 | 30.000.000            | 25.984.179            | 30.000.000            |
| Framlög úr Mannvirkjasjóði KSÍ                    | -30.000.000           | -25.984.179           | -30.000.000           |
| Fjármagnsliðir                                    | 25.000.000            | 11.429.039            | 2.800.000             |
|   | <b>25.000.000</b>     | <b>11.429.039</b>     | <b>2.800.000</b>      |
| <b>Hagnaður fyrir ráðstöfun til aðildarfélaga</b> | <b>145.364.869</b>    | <b>310.290.409</b>    | <b>139.020.342</b>    |
| <b>Greiðslur til aðildarfélaga</b>                | <b>-121.450.000</b>   | <b>-153.427.705</b>   | <b>-117.902.791</b>   |
| <b>Hagnaður/(Tap) ársins</b>                      | <b>23.914.869</b>     | <b>156.862.704</b>    | <b>21.117.551</b>     |

Stjórn KSÍ

## Sundurliðanir

|  | Áætlun<br>2023 | Raun<br>2022  | Áætlun<br>2022 |
|--|----------------|---------------|----------------|
| <b>Styrkir og framlög</b>                  |                |               |                |
| ÍSí  | 51.000.000     | 43.067.150    | 50.000.000     |
| Íslenskar gettraunir                       | 17.000.000     | 14.929.714    | 14.000.000     |
| UEFA                                       | 509.161.100    | 684.530.742   | 708.522.246    |
| FIFA                                       | 386.046.500    | 160.900.000   | 146.180.000    |
| Ýmsir styrkir                              | 138.017.500    | 157.503.890   | 153.200.000    |
|  | 1.101.225.100  | 1.060.931.496 | 1.071.902.246  |
| <b>Aðrar rekstrartekjur</b>                |                |               |                |
| Fræðslutekjur                              | 20.397.500     | 24.042.469    | 29.702.500     |
| Mótatekjur                                 | 71.571.138     | 58.285.270    | 54.238.000     |
| Erlendar leyfistekjur                      | 5.573.750      | 4.124.465     | 1.787.500      |
| Viðburðir og aðrar tekjur                  | 14.275.000     | 10.344.842    | 2.400.000      |
|  | 111.817.388    | 96.797.046    | 88.128.000     |
| <b>Kostnaður við landslið</b>              |                |               |                |
| <b>A-landslið karla</b>                    |                |               |                |
| Ferðakostnaður                             | 152.531.000    | 189.769.576   | 168.561.120    |
| Laun og verktakagreiðslur                  | 97.030.408     | 80.129.080    | 75.667.322     |
| Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur | 62.350.000     | 49.274.012    | 39.210.000     |
|  | 311.911.408    | 319.172.668   | 283.438.442    |
| <b>U-21 landslið karla</b>                 |                |               |                |
| Ferðakostnaður                             | 51.329.000     | 42.519.528    | 41.595.000     |
| Laun og verktakagreiðslur                  | 21.689.899     | 19.779.450    | 20.860.175     |
| Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur | 3.800.000      | 12.261.769    | 7.000.000      |
|  | 76.818.899     | 74.560.747    | 69.455.175     |
| <b>U-19 landslið karla</b>                 |                |               |                |
| Ferðakostnaður                             | 23.229.664     | 19.795.763    | 28.128.656     |
| Laun og verktakagreiðslur                  | 13.513.847     | 14.842.020    | 15.434.885     |
| Æfingar, búnaður og sjúkravörur            | 5.840.000      | 5.962.974     | 2.117.500      |
|  | 42.583.511     | 40.600.757    | 45.681.041     |

**U-17 landslið karla**

|                                 |            |            |            |
|---------------------------------|------------|------------|------------|
| Ferðakostnaður                  | 13.142.064 | 14.922.802 | 20.565.664 |
| Laun og verktakagreiðslur       | 13.063.847 | 13.570.322 | 16.382.385 |
| Æfingar, búnaður og sjúkravörur | 5.840.000  | 4.680.050  | 3.065.000  |
|                                 | 32.045.911 | 33.173.174 | 40.013.049 |

**A-landslið kvenna**

|  |             |             |             |
|--|-------------|-------------|-------------|
| Ferðakostnaður                             | 114.750.315 | 148.251.369 | 127.740.200 |
| Laun og verktakagreiðslur                  | 64.680.032  | 116.241.553 | 101.188.015 |
| Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur | 32.880.000  | 42.918.804  | 54.181.100  |
|  | 212.310.347 | 307.411.726 | 283.109.315 |

**U-23 landslið kvenna**

|                                 |           |           |           |
|---------------------------------|-----------|-----------|-----------|
| Ferðakostnaður                  | 7.902.860 | 4.546.120 | 3.060.000 |
| Laun og verktakagreiðslur       | 1.415.000 | 749.000   | 1.440.000 |
| Æfingar, búnaður og sjúkravörur | 100.000   | 342.609   | 500.000   |
|                                 | 9.417.860 | 5.637.729 | 5.000.000 |

**U-19 landslið kvenna**

|                                 |            |            |            |
|---------------------------------|------------|------------|------------|
| Ferðakostnaður                  | 19.891.680 | 15.102.538 | 17.995.984 |
| Laun og verktakagreiðslur       | 15.721.181 | 13.929.152 | 14.912.602 |
| Æfingar, búnaður og sjúkravörur | 5.590.000  | 5.444.398  | 2.630.000  |
|                                 | 41.202.861 | 34.476.088 | 35.538.586 |

**U-17 landslið kvenna**

|                                 |            |            |            |
|---------------------------------|------------|------------|------------|
| Ferðakostnaður                  | 22.236.200 | 21.624.166 | 19.756.464 |
| Laun og verktakagreiðslur       | 15.891.181 | 16.220.345 | 14.905.102 |
| Æfingar, búnaður og sjúkravörur | 5.590.000  | 5.572.806  | 2.622.500  |
|                                 | 43.717.381 | 43.417.317 | 37.284.066 |

**Hæfileikamótun**

|  |            |            |            |
|--|------------|------------|------------|
|  | 36.199.882 | 38.287.535 | 36.208.164 |
|--|------------|------------|------------|

**Sameiginlegur landsliðskostnaður**

|  |            |            |            |
|--|------------|------------|------------|
|  | 38.237.500 | 34.889.336 | 35.710.000 |
|--|------------|------------|------------|

**Kostnaður við landslið**

|  |             |             |             |
|--|-------------|-------------|-------------|
|  | 844.445.559 | 931.627.077 | 871.437.838 |
|--|-------------|-------------|-------------|

| <b>Mótakostnaður</b>                       |             |             |             |
|--|-------------|-------------|-------------|
| Dómaralaun og launatengd gjöld             | 172.239.284 | 162.328.010 | 166.274.139 |
| Ferðakostnaður dómara                      | 19.890.000  | 19.467.292  | 17.640.000  |
| Annar dómarakostnaður                      | 17.523.600  | 18.185.586  | 18.000.000  |
| Evrópukeppni félagsliða                    | 8.019.744   | 8.019.744   | 8.600.000   |
| Markaðs- og auglýsingakostnaður            | 19.450.000  | 16.717.564  | 9.848.000   |
| Annar mótakostnaður                        | 23.000.000  | 20.995.696  | 14.900.000  |
|  | 260.122.628 | 245.713.892 | 235.262.139 |
| <b>Fræðslukostnaður</b>                    |             |             |             |
| Laun og verktakakostnaður                  | 39.787.104  | 39.568.393  | 41.021.170  |
| Landshlutaverkefni                         | 5.000.000   | 3.188.822   | 3.000.000   |
| Námskeið og kennslugögn                    | 15.420.700  | 19.410.485  | 20.587.500  |
|  | 60.207.804  | 62.167.700  | 64.608.670  |
| <b>Skrifstofu og stjórnunarkostnaður</b>   |             |             |             |
| Laun og launatengd gjöld                   | 305.128.189 | 251.051.510 | 238.729.638 |
| Annar starfsmannakostnaður                 | 6.000.000   | 5.013.612   | 4.000.000   |
| Sími, internet, pappír, prentun og ritföng | 6.760.000   | 6.781.023   | 5.450.000   |
| Rekstrarkostnaður tölva og tækja           | 27.900.000  | 28.321.774  | 22.700.000  |
| Aðkeypt sérfræðiaðstoð                     | 19.484.400  | 18.762.354  | 14.922.000  |
| Ráðstefnur og fundir innanlands/erlendis   | 12.500.000  | 16.407.164  | 7.000.000   |
| Ársþing                                    | 11.000.000  | 7.626.732   | 7.000.000   |
| Styrkir, framlög og gjafir                 | 5.000.000   | 4.171.917   | 3.000.000   |
| Kostnaður vegna Þjóðarleikvangs            | 0           | 2.047.741   | 0           |
| Varúðarniðurfærsla krafna, breyting        | 0           | 7.302.556   | 0           |
| Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður   | 4.029.520   | 4.135.413   | 2.100.000   |
|  | 397.802.109 | 351.621.796 | 304.901.638 |
| <b>Húsnæðiskostnaður</b>                   |             |             |             |
| Tryggingar                                 | 864.092     | 864.092     | 850.000     |
| Húsnæðiskostnaður                          | 22.021.000  | 25.796.522  | 24.200.000  |
|  | 22.885.092  | 26.660.614  | 25.050.000  |

### Stjórn KSI

#### Umræður um fjárhagsáætlun:

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar tók undir orð Þóris um launa- og skrifstofukostnaðinn. Hann sagði jafnframt að uppsetning Klöru á samburði á launakostnaðar frá 1993 til dagsins í dag gæfi ekki alveg rétta mynd af stöðunni. Greiðslur frá UEFA og FIFA væru margfalt hærri í dag en voru í upphafi aldarinnar, sem dæmi.

Þórir Hákonarson (KF) tók til máls. Þórir vildi benda á atriði varðandi styrkina frá UEFA og FIFA. Það væru settar kröfur á KSÍ til að innheimta þessa styrki. Hann sagði að það mætti heimfæra það yfir á félögin, það fylgdu þessu einnig kröfur til þeirra. Þórir spurði hvort að tekjur út af sjónvarps- og markaðsrétti vegna Bikarkeppni KSÍ væri inni í þeirra upphæð sem tilgreind er sem greiðslur til félaga í fjárhagsáætlun. Hann ræddi einnig um að árið 2018 hafi verið settur á fót starfshópur sem átti að skila tillögu um meðhöndlun á eigin fé KSÍ. Og spurði í kjölfarið hver niðurstaða þess starfshóps hafi verið.

Klara Bjartmarz (KSÍ) tók til máls. Hún sagði að niðurstaða starfshópsins hafi verið sú að ekki ætti að greiða eigið fé KSÍ út til félaganna. Klara sagði jafnframt að tekjur út af Bikarkeppni KSÍ (sjónvarps- og markaðsrétti) væri inni í þeirri tölu sem áætlað er að greiða til aðildarfélaga.

**Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.**

**Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.**

Þingforseti lagði til að umræður um tillögur að þingskjölum 7 og 8, og mögulegar breytingatillögur að þingskjali 7, verði teknar saman í sömu afgreiðslunni. Tillaga að þingskjali 8 gengur lengra en tillaga að sama efni í þingskjali 7, í breytingum á lögum KSÍ.

Þingforseti lagði til að tillaga að þingskjali 7, sem er lagabreytingatillaga, verði tekin fyrir í heild sinni. En vildi jafnframt áréttta að þingfulltrúum væri heimilt að gera athugasemdir og sér afgreiðslu einstakra greina. En að endingu verði tillögur að þingskjölum 7 og 8 teknar til afgreiðslu í heild sinni.

**Tillaga þingforseta var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.**

## Þingskjal 7

Sigfús Ásgeir Kárasón (KSÍ) hafði framsögu.

### Tillaga til lagabreytinga

#### Lög KSÍ

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á lögum KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **rauðmerktar**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

### LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

#### 2. grein - Hlutverk og tilgangur KSÍ

- 2.1 KSÍ er æðsti aðili knattspyrnumála á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:
- að hafa yfirstjórn íslenskra knattspyrnumála,
  - að standa fyrir knattspyrnumótum á Íslandi, m.a. Íslandsmóti karla og kvenna í öllum aldursflokkum, Bikarkeppni karla og kvenna auk annarra móta sem ákveðin eru,
  - að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu og stuðla að góðum stjórnarháttum félaga innan vébanda KSÍ,
  - að setja íslenskri knattspyrnu lög og reglur og að framfylgja þeim,
  - að tryggja góða stjórnarhætti innan knattspyrnusambandsins á grundvelli þeirra gilda sem lög þessi tilgreina,
  - að sjá til þess að knattspyrnulögunum og reglum KSÍ sé fylgt,
  - ~~að standa fyrir knattspyrnumótum á Íslandi~~
  - að standa vörð um uppeldislegt gildi knattspyrnu og heiðarlegan leik,
  - að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnu á Íslandi, og
  - að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni.
- 2.2 KSÍ starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust varðandi stjórnarmál og trúarbrögð. KSÍ skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Skulu allir vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum KSÍ og njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

#### 5. grein - Réttindi og skyldur aðildarfélaga

- 5.7 Aðildarfélag skuldbindur sig til að **ástunda góða stjórnarhætti** og vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda, koma í veg fyrir lyfjamisnotkun, vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnmalaskoðana, þjóðernis eða af öðrum ástæðum. Aðildarfélag skuldbindur sig einnig til að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja.

#### 6. grein - Aðrar skyldur

- 6.2 Aðildarfélög, **KSÍ, leikmenn, og aðrir innan KSÍ** skuldbindur sig til að vinna gegn **hvers kyns óeðlilegum afskiptum**, ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja. Aðilum, sem falla undir lög þessi og taka þátt í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ, er óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin mót. Bann þetta tekur einnig til miðlunar upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning.



## 7. grein - Stjórnkerfi KSÍ og dómstig

- 7.1 Málefnum KSÍ stjórna:
- Knattspyrnuþing fer með æðsta vald í málefnum KSÍ og setur nauðsynleg lög.
  - Stjórn KSÍ fer með æðsta vald í málefnum KSÍ á milli knattspyrnuþinga.
  - Fastanefndir KSÍ, sem vinna samkvæmt lögum og reglugerðum knattspyrnusambandsins og starfsreglum, sem stjórn KSÍ setur þeim.
  - Sérstakar nefndir, sem skipaðar eru og starfa að afmörkuðum málefnum.
  - Framkvæmdastjóri KSÍ, sbr. 21. gr.
- 7.2 Dómstig KSÍ eru:
- Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.
  - Áfrýjunardómstóll KSÍ.
- 7.3 Meðferð tiltekinna ágreinings- og/eða kærumála skal vera í höndum eftirtalinna aðila innan knattspyrnuhreyfingarinnar, samkvæmt ákvæðum sem gilda um þá í lögum þessum eða reglugerðum:
- Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ.
  - Siðanefnd KSÍ.
- 7.4 Leyfisnefndir taka ákvörðun um þátttökuleyfi til keppni í Íslandsmóti þar sem það á við og starfa skv. leyfisreglugerðahandbók sem samþykkt er af stjórn KSÍ og staðfest af UEFA. Þær nefndir eru:
- Leyfisráð.
  - Leyfisdómur.

## IV. KNATTSPYRNUPING

### 8. grein – Hlutverk

- 8.1 Knattspyrnuþing fer með æðsta vald í málefnum KSÍ. Hlutverk knattspyrnuþings KSÍ er m.a.:
- Að setja knattspyrnusambandinu lög,
  - að marka og ákveða stefnu sambandsins í málefnum sem varða knattspyrnuna á Íslandi,
  - að kjósa fulltrúa í stjórn KSÍ, nefndir og dómstóla, sem lög KSÍ kveða á um,
  - að afgreiða ársreikning KSÍ og samþykkja fjárhagsáætlun sambandsins,
  - að taka ákvarðanir um þau mál sem lögð eru fyrir knattspyrnuþing eða aukaping, og
  - að tryggja eftir fremsta megni jafnvægi kynja þegar kosið er í stjórn og nefndir KSÍ.

### 10. grein - Réttur til þingsetu

- 10.1 Knattspyrnuþingið sitja fulltrúar frá aðildarfélögum KSÍ. Aðildarfélög KSÍ skulu eftir fremsta megni tilnefna fulltrúa þannig að tekið sé mið af jafnri stöðu kynja.
- 10.2 Fulltrúafjöldi aðildarfélaga ákvarðast af þátttöku þeirra í Íslandsmóti meistaraflokks sem hér segir:
- fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í efstu deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 4 fulltrúar.
  - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 1. deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 3 fulltrúar.
  - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 2. deild karla á komandi leiktíð, komi 2 fulltrúar.
  - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í neðri deildum karla og/eða kvenna á komandi leiktíð en um getur í liðum a.-c., komi 1 fulltrúi, enda hafi það tekið þátt í Íslandsmóti meistaraflokks (sjálfstætt eða í sameiginlegu liði) síðustu fimm leiktíðir samfleytt.
  - fyrir sameiginlegt lið félaga komi fulltrúar sbr. a.-d., sem skiptast milli félaga sem standa að liðinu, skv. samkomulagi þeirra á milli ella fellur þátttökuréttur til fulltrúa niður.

Fulltrúafjöldi aðildarfélags skal einungis ákvarðast af einum þeirra liða a. til e. sem gefur flesta fulltrúa. Félag sem ekki tefldi fram í móti á vegum KSÍ á síðasta keppnistímabili að minnsta kosti einu liði í yngri flokkum (3. – 6. flokk), getur að hámarki verið með einn fulltrúa.

- 10.3 Framkvæmdastjóri **Skrifstofa** KSÍ skal senda kjörbréf til aðildarfélaga eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Aðeins sá, sem skráður er á kjörbréf, sem staðfest hefur verið af formanni aðildarfélags eða meirihluta stjórnar þess, er kjörgengur fulltrúi þess á knattspyrnuþingi og fer með atkvæðisrétt.
- 10.4 Hver þingfulltrúi fer aðeins með eitt atkvæði. Ekki er heimilt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis. Kjörnir fulltrúar í stjórn KSÍ, ~~og~~ varafulltrúar þeirra **og kjörnir fulltrúar úrskurðarnefnda og dómstóla** geta ekki farið með atkvæðisrétt á ársþingi.
- 10.5 Félög sem eru í skuld við KSÍ miðað við síðustu áramót, missa rétt til þingsetu. KSÍ skal tilkynna þeim félögum eigi síðar en þremur vikum fyrir þing að félagið fái ekki kjörbréf nema eldri skuldir séu gerðar upp. ~~Kjörbréfanefnd~~ **Kjörnefnd** skal ganga úr skugga um, að þessu ákvæði sé framfylgt.
- 10.6 Á knattspyrnuþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:
- Stjórnarmenn KSÍ.
  - Framkvæmdastjóri KSÍ.
  - Tveir fulltrúar samtaka knattspyrnudómara.**
  - Tveir fulltrúar Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands.**
  - Tveir fulltrúar Íslensks Toppótbolta.**
  - Tveir fulltrúar Leikmannasamtaka Íslands.**
  - ~~Einn fulltrúi stjórnar hvers héraðssambands þar sem knattspyrna er iðkuð.~~
- 10.7 Jafnframt hafa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi:
- Heiðursformenn KSÍ.
  - Kjörnir fulltrúar landsfjórðunga.
  - Nefndarmenn fastanefnda KSÍ.
  - Dómarar í dómstólum KSÍ.
  - Endurskoðandi reikninga KSÍ og skoðunarmenn.
  - Forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ.
  - Einn fulltrúi stjórnar hvers héraðssambands þar sem knattspyrna er iðkuð.**
  - Einn fulltrúi ráðuneytis íþróttamála** ~~menntamálaráðuneytis.~~
  - ~~Tveir fulltrúar samtaka knattspyrnudómara.~~
  - ~~Tveir fulltrúar Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands.~~
- 10.8 Auk þess getur stjórn KSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu og veitt þeim heimild til að ávarpa þingið.

### **11. grein – Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum. Reikningar KSÍ.**

- 11.1 Tillögur að laga- og/eða reglugerðarbreytingum **og ályktunartillögur**, sem óskað er eftir að tekna verði fyrir á knattspyrnuþingi, skulu sendar stjórn KSÍ minnst mánuði fyrir þingsetningu. Tillögurnar skulu yfirfarnar af laga- og leikreglnanefnd KSÍ. Laga- og leikreglnanefnd ber að láta kanna hvort tillögurnar samræmist lagaákvæðum og skuldbindingum knattspyrnusambandsins. Þá skal laga- og leikreglnanefnd KSÍ gefa þeim, sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, kost á að koma fram með athugasemdir við tillöguna.

### **12. grein - Kjörnefnd**

- 12.1 Á knattspyrnuþingi og milli þinga skal vera starfandi 3ja manna kjörnefnd, sem fer með það hlutverk að fara yfir framkomin kjörbréf sem borist hafa fyrir knattspyrnuþing. Kjörnefnd kveður upp álit sitt á framkomnum kjörbréfum á ársþingi og upplýsir um fjölda þingfulltrúa hverju sinni. Kjörnefnd annast móttöku framboða til stjórnar KSÍ og gætir þess að frambjóðendur og aðrir einstaklingar sem bjóða sig fram til starfa innan KSÍ uppfylli starfsskilyrði í íþróttahreyfingunni skv. lögum þessum og lögum ÍSÍ. Kjörnefnd skal framkvæma sjálfstæða hæfisathugun með tilliti til almennra hæfisskilyrða

laga- og reglugerða KSÍ og ÍSÍ gagnvart þeim sem gerð er tillaga um að knattspyrnuþing kjósi til embætta, nefnda, dómstóla eða stjórnar KSÍ.

### 13. grein - Dagskrá

#### 13.1 Dagskrá knattspyrnuþings er:

- a. Þingsetning og staðfesting á lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi.
- ~~b. Kosning þriggja manna kjörbrefanefndar.~~
- b. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- c. Kosning fyrsta og annars þingritara.
- d. Ávörp gesta.
- e. Álit kjörbrefanefndar og það samþykkt.
- f. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
- g. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
- h. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
- i. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.
- j. Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
- k. Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
- l. Önnur mál.
- m. Kosningar. Álit kjörnefndar.
  1. Kosning stjórnar.
    - a. Kosning formanns (~~annað~~ fjórða hvert ár).
    - b. Kosning 4ra manna í stjórn.
    - d. Kosning 3ja varamanna í stjórn (~~annað~~ hvert ár).
  2. Kosning fulltrúa frá landsfjórðungum.
    - a. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum (~~annað~~ hvert ár).
    - b. Kosning 4ra varamanna frá landsfjórðungum (~~annað~~ hvert ár).
  3. Kosning fulltrúa á íþróttþing ÍSÍ.
  4. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
  5. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn ~~annað~~ hvert ár).
  6. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ (~~3 aðalmenn og 5 varamenn~~).
    - a. Kosning 3ja manna í áfrýjunardómstól
    - b. Kosning 5 varamanna í áfrýjunardómstól
  7. Kosning í leyfiráð KSÍ (5 menn ~~annað~~ hvert ár).
  8. Kosning í leyfisdóm KSÍ (~~5 menn~~ ~~annað~~ hvert ár).
    - a. Kosning 5 manna í leyfisdóm (~~annað~~ hvert ár).
    - b. Kosning 3 varamanna í leyfisdóm (~~annað~~ hvert ár).
  9. Kosning í samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ
    - a. Kosning 3 manna í samninga- og félagaskiptanefnd (~~annað~~ hvert ár).
    - b. Kosning 3 varamanna í samninga- og félagaskiptanefnd (~~annað~~ hvert ár).
  10. Kosning í siðanefnd KSÍ
    - a. Kosning 3 manna í siðanefnd KSÍ (~~annað~~ hvert ár).
    - b. Kosning 3 varamanna í siðanefnd KSÍ (~~annað~~ hvert ár).
  11. Kosning fulltrúa í kjaranefnd.
    - a. Kosning 3ja manna í kjaranefnd (~~annað~~ hvert ár).
    - b. Kosning varamanns í kjaranefnd (~~annað~~ hvert ár).
  12. Kosning kjörnefndar (3 menn ~~annað~~ hvert ár), ~~er starfi milli þinga.~~
- n. Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn (~~annað~~ hvert ár).
- o. Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.

p. Þingslit.

13.2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

#### 14. grein - Atkvæðagreiðsla

14.2 Þingfulltrúar á knattspyrnuþingi greiða atkvæði um mál með handauppréttingu. Ef ¼ þingfulltrúa óska eftir skriflegri atkvæðagreiðslu, skal þingforseti verða við ósk þeirra. **Kosning til stjórnar skal vera skrifleg. Þó er ávallt heimilt að kosningar á knattspyrnuþingi séu framkvæmdar með rafrænum hætti.**

### V. STJÓRN KSÍ

#### 17. grein - Kosning stjórnar KSÍ

- 17.1 Stjórn KSÍ er kosin á knattspyrnuþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. **Árlega skal kosið um fjóra stjórnarmenn.** Kosning skal fara þannig fram:
- Kosning formanns, ~~annað hvert ár,~~ til tveggja fjögurra ára í senn. Formaður skal ekki sitja lengur en ~~sex~~ þrjú kjörtímabil samfleytt.
  - Kosning fjögurra manna í stjórn til tveggja ára. **Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF til tveggja ára í stjórn KSÍ, skv. grein 16.2. Stjórnarmaður skal ekki sitja lengur en sex kjörtímabil samfleytt.**
  - Kosning 3ja manna til vara í stjórn til ~~eins árs~~ tveggja ára. **Kjör í varastjórn er ekki háð tímamörkum og rýrir ekki tímalengd viðkomandi til setu í stjórn ef hann/hún er kjörinn/kjörin til stjórnarsetu.**
- 17.2 Þeir sem bjóða sig fram til embætta sem kosið er um samkvæmt grein 17.1. skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. **Þeir sem kosnir eru í stjórn KSÍ og þeir sem kosnir eru til vara í stjórn KSÍ, að undanskildum fulltrúa ÍTF, skulu hvorki vera í launuðu starfi né sitja í stjórnnum eða ráðum aðildarfélaga.**

#### 19. grein - Starfssvið stjórnar KSÍ

- 19.1. Stjórn KSÍ fer með málefni sambandsins og skal annast um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í góðu horfi. Undir starfssvið stjórnarinnar fellur m.a. eftirfarandi:
- að framkvæma ályktanir knattspyrnuþings,
  - að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ,
  - að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur og setja honum starfslýsingu,
  - að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu,
  - að hafa samráð við og sitja reglubundna fundi með fulltrúum aðildarfélaga KSÍ og annarra hagsmunaaðila,**
  - að setja stjórn, nefndum og starfsfólki starfsreglur, sem byggja á góðum stjórnarháttum og gildum laga KSÍ,**
  - að setja nauðsynlegar reglur og bráðabirgðaákvæði um knattspyrnumál á Íslandi,
  - að annast útgáfu á knattspyrnulögum og reglugerðum fyrir knattspyrnu, og sjá til þess að þær séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur,
  - að hafa yfirstjórn **með Íslandsmóti karla og kvenna í öllum aldursflokkum, bikarkeppnum og öðrum landsmótum,**
  - að ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót á Íslandi í samræmi við alþjóðlega leikdaga í samræmi við ákvarðanir FIFA og UEFA,
  - að taka ákvarðanir um þátttöku íslenskra knattspyrnuliða á alþjóðavettvangi þegar það á við,

12. að tefla fram landsliðum í knattspyrnu í keppni á alþjóðavettvangi,
13. að ráða landsliðsþjálfara **A-landsliða** til starfa,
14. að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnuhreyfingarinnar í landinu,
15. að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um málefni sem lög þessi eða/og reglugerðir KSÍ ná ekki yfir,
16. að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga,
17. að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ, þ.m.t. að fylgja eftir samþykktri fjárhagsáætlun. Stjórn KSÍ skal ekki víkja frá samþykktri fjárhagsáætlun nema hún telji gildar ástæður til og að fenginni umsögn fjárhags- og endurskoðunarnefndar. Í því tilviki skal hún leggja fyrir á næsta ársþingi greinargerð með skýringum á frávikunum. Ákvarðanir um meiriháttar skuldbindingar skal bera undir ársþing KSÍ eða aukþing.

## VI. NEFNDIR KSÍ

### 23. grein - Fastanefndir

- 23.1 Stjórn KSÍ skal að loknu knattspyrnuþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:
  - a. Dómaranefnd
  - b. Fjárhags- og endurskoðunarnefnd
  - c. Fræðslu- og útbreiðslunefnd
  - d. Grasrótarnefnd**
  - e. Heilbrigðisnefnd**
  - f. Laga- og leikreglanefnd
  - ~~e. Landsliðsnefndir~~
  - g. Mannvirkjanefnd
  - h. Markaðsnefnd**
  - i. Mótanefnd
  - ~~h. Samninga- og félagaskiptanefnd~~
  - j. Knattspyrnu- og þróunarnefnd**
- 23.2 Fastanefndir starfa í umboði stjórnar KSÍ skv. lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn KSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.
- ~~23.3 Formaður fastanefndar skal vera stjórnarmaður KSÍ eða kjörinn varafulltrúi í stjórn, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Formaður boðar til funda og stýrir þeim.~~
- 23.3 Stjórn KSÍ skal gæta þess að í nefndum á vegum sambandsins séu skipaðir aðilar af báðum kynjum og þar á meðal fulltrúar félaga eða hagsmunasamtaka félaganna.

### 26. grein – Fræðslu- og útbreiðslunefnd

- 26.1 ~~Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál KSÍ og annast sér í lagi menntun knattspyrnuþjálfara. og leiðtoga. Nefndin skal einnig vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenskrri knattspyrnu og vinna að eflingu knattspyrnunnar, afreksstefnu og útbreiðslu með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri á að taka þátt í leik og starfi innan vébanda knattspyrnusambandsins.~~

### 27. grein – Grasrótarnefnd

- 27.1 **Grasrótarnefnd hefur umsjón með útbreiðslu og viðburðum með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri á að taka þátt í leik og starfi innan vébanda knattspyrnusambandsins.**

### 28. grein – Heilbrigðisnefnd

28.1 Heilbrigðisnefnd er KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar um heilbrigðismál. Nefndin skal vinna að eflingu þekkingar á heilbrigðismálum innan knattspyrnuhreyfingarinnar og fylgjast með þróun á alþjóðaregluverki í málaflokknum.

### 29. grein - Laga- og leikreglnanefnd

29.1 Laga- og leikreglnanefnd er ~~stjórn~~ KSÍ og aðildarfélögum til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins. Nefndin fer yfir tillögur sem berast fyrir knattspyrnuþing og metur hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli kröfur til þinglegrar afgreiðslu.

### 26. grein – Landsliðsnefndir

~~26.1 Landsliðsnefndir hafa umsjón með tilteknu landsliði eða landsliðum. Nefndirnar hafa umsjón með þátttöku viðkomandi liða í alþjóðakeppni.~~

### 30. grein - Mannvirkjanefnd

30.1 Mannvirkjanefnd er ~~stjórn~~ KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar um knattspyrnumannvirki og mannvirkjasjóð. Nefndin annast flokkun knattspyrnuvalla og gerir tillögur til stjórnar KSÍ um veitingu ~~keppnisvallar~~leyfa fyrir knattspyrnuvelli.

### 31. grein – Markaðsnefnd

31.1 Markaðsnefnd er KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar um markaðsmál. Nefndin vinnur að framgangi vörumerkja KSÍ og ímyndar knattspyrnuhreyfingarinnar.

### 32. grein - Mótanefnd

32.1 Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála KSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd, sbr. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

### 33. grein – Knattspyrnu- og þróunarnefnd

33.1 Knattspyrnu- og þróunarnefnd skal vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenski knattspyrnu og vinna að eflingu knattspyrnunnar, þ.m.t. afreksstefnu og framþróunar leikmanna og landsliða.

## VII. SJÁLFSTÆÐAR NEFNDIR OG DÓMSTIG

### 35. grein - Kjaranefnd ~~Skipan og hlutverk~~

35.1. Kjaranefnd er skipuð þremur fulltrúum og einum til vara og er kosin á ársþingi KSÍ til tveggja ára.

35.2. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

- Að gera tillögu til stjórnar KSÍ um laun, viðmiðun launabreytinga og starfstengd kjör formanns KSÍ og ganga frá launasamningi við hann að fenginni staðfestingu stjórnar KSÍ á tillögu nefndarinnar.
- Að gera tillögu til stjórnar KSÍ að reglum varðandi greiðslu dagpeninga, útlagðan kostnað og ferðakostnaðar fulltrúa í stjórn KSÍ og annarra sem fallið gætu undir slíkar reglur.
- Að gera tillögu að öðrum þeim reglum sem lúta að greiðslum til kjörinna fulltrúa og fulltrúa í fastanefndum KSÍ.

35.3. Kjaranefnd skal halda fundargerðir um fundi sína og leggja fyrir stjórn KSÍ. Ákvarðanir nefndarinnar skulu bókaðar og rökstuddar.

35.4. Um hæfi þeirra sem kosin ~~er~~ eru í kjaranefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga. ~~Þau~~ ~~er~~ sem kosin ~~er~~ eru í kjaranefnd skulu ~~hvorki vera í launuðu starfi né sitja í stjórnnum eða ráðum aðildarfélaga og/eða knattspyrnusambandsins.~~ ~~ekki sitja í stjórn KSÍ eða stjórnnum aðildarfélaga.~~

**VII. AGA OG ÚRSKURÐARNEFND KSI****36. grein - Aga- og úrskurðarnefnd**

- 36.1 Aga- og úrskurðarnefnd KSI skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra fimm mönnum. Skulu þeir kosnir á knattspyrnuþingi til tveggja ára í senn.
- 36.2 Nefndin starfar skv. aga- og úrskurðarreglum KSI og skulu a. m. k. þrjú taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a. m. k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.
- 36.3 Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög skv. lögum þessum, reglugerðum KSI og aga- og úrskurðarreglum KSI gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSI.
- 36.4 Um hæfi þeirra sem kosnir eru í aga- og úrskurðarnefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. ~~Þau þeir sem kosin eru í aga- og úrskurðarnefnd skulu hvorki vera í launuðu starfi né sitja í stjórn~~ eða ráðum aðildarfélaga og/eða knattspyrnusambandsins.

**37. grein – Siðanefnd**

- 37.1 Siðanefnd KSI starfar samkvæmt lögum þessum, siðareglum KSI og siðareglum FIFA (FIFA Code of Ethics). Hlutverk siðanefndar KSI er að fjalla um þau mál sem til hennar er beint samkvæmt siðareglum KSI og úrskurða í málum sem falla undir ákvæði siðareglanna.
- 37.2 Siðanefnd skal skipuð þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara. Fulltrúar í nefndina skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi og þar af einn sem formaður. Kosið skal til tveggja ára í senn.
- 37.3 Um hæfi þeirra sem kosin eru í siðanefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þau sem kosin eru í siðanefnd skulu hvorki vera í launuðu starfi né sitja í stjórn eða ráðum aðildarfélaga og/eða knattspyrnusambandsins.

**38. grein – Áfrýjunardómstóll**

- 38.1 Áfrýjunardómstóll KSI starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSI um áfrýjunardómstól.
- 38.2 Áfrýjunardómstóll KSI skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 5 löglærðum til vara.
- 38.3 Dómarar skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi til setu fram að næsta reglulega knattspyrnuþingi og kys dómstóllinn sér forseta úr hópi aðalmanna.
- 38.4 Dómstóllinn starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSI um áfrýjunardómstól KSI og skulu a. m. k. þrjú dómarar fara með mál og skipar forseti í dóminn í hverju máli fyrir sig.
- 38.5 Dómstóllinn tekur fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar ~~og siðanefndar~~ sem ekki eru endanlegir samkvæmt reglugerð KSI um aga- og úrskurðar ~~málanefnd~~ ~~og siðareglum KSI.~~
- 38.6 Ákvarðanir dómstólsins eru ~~endanlegar~~ og bindandi fyrir málsaðila. ~~Þó er heimilt að áfrýja þeim málum áfrýjunardómstóls KSI sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Málsmeðferð fyrir áfrýjunardómstóli ÍSÍ fer eftir lögum ÍSÍ. Þó er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.~~
- 38.7 Um hæfi þeirra sem kosnir eru í áfrýjunardómstól KSI skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. ~~Þau þeir sem kosin skipaðir~~ eru í áfrýjunardómstól KSI skulu hvorki vera í launuðu starfi né sitja í stjórn eða ráðum aðildarfélaga og/eða knattspyrnusambandsins.

**39. grein – Samninga- og félagaskiptanefnd**

- 39.1 Samninga- og félagaskiptanefnd KSI starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSI um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Hlutverk samninga- og félagaskiptanefndar KSI er að fjalla um þau málefni sem til hennar er beint samkvæmt lögum og reglugerðum KSI og úrskurða í ágreiningsmálum, sem nefndinni berast.
- 39.2 Samninga- og félagaskiptanefnd skal skipuð 3 löglærðum nefndarmönnum og 3 löglærðum til vara.



- 39.3 Nefndarmenn skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi og þar af einn formaður. Kosið skal til tveggja ára í senn.
- 39.4 Úrskurðir samninga- og félagaskiptanefndar um ágreiningsefni eru bindandi fyrir deiluaðila.
- 39.5 Um hæfi þeirra sem kosin eru í samninga- og félagaskiptanefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þau sem kosin eru í samninga- og félagaskiptanefnd skulu hvorki vera í launuðu starfi né sitja í stjórnnum eða ráðum aðildarfélaga og/eða knattspyrnusambandsins.

#### 40. grein - Lögsaga o.fl.

- 40.1 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, **siðanefnd KSÍ** og áfrýjunardómstóll KSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á. **Dómstóll ÍSÍ er þó ávallt fyrsta dómstig er varða brot á 2. grein og 10. grein í lyfjareglum Lyfjaeftirlits Íslands.**
- 40.2 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, **siðanefnd KSÍ** og áfrýjunardómstóll KSÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum, umboðsmönnum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, **siðanefnd KSÍ** og áfrýjunardómstól KSÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KSÍ að reka málið fyrir **öðrum** nefndum innan KSÍ. Aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál vegna laga- og reglugerða KSÍ fyrir almennum dómstólum.
- 40.3 Niðurstöðum ágreinings- og/eða kærumála innan KSÍ er heimilt að skjóta með áfrýjun til Alþjóða Íþróttadómstólsins CAS. Á það aðeins við ef málskotleiðir innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi hafa verið tæmdar. Alþjóða Íþróttadómstóllinn CAS leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði (Code of Sports-Related Arbitration), nema landslög kveði á um annað.
- 40.4 Ágreiningsmál alþjóðlegs eðlis sem sprottin eru frá eða varða lög, reglugerðir, tilskipanir eða ákvarðanir FIFA eða UEFA, má á seinasta málskotsstigi aðeins áfrýja til Alþjóða Íþróttadómstólsins CAS samkvæmt lögum FIFA og UEFA.
- ~~39.3 Ágreiningsmál aðila innan vébanda KSÍ gagnvart aðila innan vébanda erlends knattspyrnusambands skal fara með samkvæmt reglum FIFA eða UEFA og hefur FIFA eða UEFA lögsögu í slíkum málum. Ákvarðanir FIFA eða UEFA í slíkum málum eru endanlegar og bindandi fyrir alla aðila en ákvörðunum FIFA eða UEFA er hægt að skjóta til Íþróttadómstólsins (Court of Arbitration for Sport, skammstafað CAS) í Lausanne í Sviss sem leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði (Code of Sports-related Arbitration). Er sú niðurstaða endanleg og bindandi fyrir aðila.~~
- ~~39.4 Um hæfi þeirra sem skipa áfrýjunardómstól KSÍ skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í áfrýjunardómstól KSÍ skulu hvorki sitja í stjórn knattspyrnusambandsins eða stjórnnum aðildarfélaga.~~

### VIII. IX. KNATTSPYRNUMÓT

#### 41. grein - Knattspyrnumót

- 41.4 Í efstu deildum karla og kvenna, 1. deildum karla og kvenna, 2. deild karla, 3. deild karla og 4. deild karla ~~landsdeildum karla og kvenna~~ er leikin að lágmarki tvöföld umferð þar sem hvert lið leikur tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal kveðið nánar á um fyrirkomulag móta, s.s. fjölda leikja í hverri deild, reglur um færslu liða á milli deilda og deildarmeistara. Breytingar á keppnisfyrirkomulagi skulu gerðar að höfðu samráði við þátttökulið þeirra deilda sem breytingin hefur áhrif á. Breytingar skulu kynntar aðildarfélögum KSÍ eigi síðar en

15. nóvember ár hvert fyrir komandi keppnistímabil. Endanlegar reglur um keppnisfyrirkomulag skulu vera staðfestar í reglugerð eigi síðar en 1. desember ár hvert fyrir komandi keppnistímabil.

#### 47. grein – Fulltrúar landsfjórðunga

- 47.1 Fulltrúar landsfjórðunga eru fjórir, einn fyrir Vesturland og Vestfirði, einn fyrir Norðurland, einn fyrir Austurland og einn fyrir Suðurland. Landshlutafulltrúar eru trúnaðarmenn KSÍ á hverju svæði. Hlutverk fulltrúa landsfjórðunga er að fylgjast með starfi knattspyrnufélaga í fjórðungnum, stöðu knattspyrnunnar á svæðinu og skila KSÍ greinargerð um stöðu mála ásamt tillögum um aðgerðir eftir því sem þörf krefur.
- 47.2 Stjórn KSÍ, eða formaður og framkvæmdastjóri KSÍ, skal a.m.k. ársfjórðungslega tvisvar á ári boða fulltrúa landsfjórðunga á stjórnarfund til fundar. Á þeim fundum hafa kjörnir fulltrúar landsfjórðunga málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt.

#### Greinargerð

Framangreindar tillögur er lagðar fram á knattspyrnuþingi 2023 af stjórn KSÍ. Um ræðir tillögur sem unnar voru af starfshópi um stjórnskipulag KSÍ. Vinna hópsins fór fram í nóvember og desember 2022 og í janúar 2023. Hópurinn naut aðstoðar UEFA í sinni vinnu sem gerði úttekt á lögum KSÍ og skilaði skýrslu til KSÍ. Þá hafði UEFA áður gert úttekt á reglum tengdum góðum stjórnarháttum (good governance) sem starfshópurinn notaðist við í sinni vinnu. Tillögur starfshópsins voru bornar undir stjórn KSÍ til samþykktar á fundi 10. janúar 2022. Var tillögum starfshópsins vísað til laga- og leikreglnanefndar sem falið var að útbúa lagabreytingartillögur fyrir ársþing KSÍ 2023. Nánari útfærsla af lagabreytingartillögum var lögð fyrir stjórn KSÍ öðru sinni 19. janúar 2023 með það fyrir augum að tillögur yrðu bornar undir samþykki ársþings KSÍ 2023. Samþykkti stjórn KSÍ að lagabreytingartillögur yrðu bornar upp á árþingi KSÍ til samþykktar.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- **Hlutverk og tilgangur KSÍ (2. grein)**
  - Bætt við að meðal hlutverka KSÍ sé að koma í veg fyrir óeðlileg afskipti og stuðla að góðum stjórnarháttum (good governance).
- **Hlutverk ársþings** (sjá athugasemd frá UEFA).
  - Skilgreina þurfi í 8. eða 9. grein hvert hlutverk ársþings KSÍ sé.
  - Ársþing fari með lagabreytingavald o.s.frv.
- **Kjörtímabil kjörinna fulltrúa í stjórn KSÍ.**
  - Kjörtímabil formanns KSÍ verði 4 ár
    - Formaður skuli að hámarki vera þrjú kjörtímabil í embætti.
  - Þak verði sett á samfellda setu einstaklinga í stjórn KSÍ sem miðast við 12 ár samfleytt, líkt og formaður.
  - Varamenn í stjórn kosnir til tveggja ára.
- **Fulltrúar landsfjórðunga**
  - Skuli funda með stjórn eða formanni og framkvæmdastjóra a.m.k. tvisvar á ári.
  - Fulltrúar landsfjórðunga skuli ekki vera boðaðir á stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt.
- **Starfssvið stjórnar KSÍ (17. grein)**
  - Reglulega skuli haft samráð/samskipti við hagsmunaaðila
  - Stjórn skuli setja sér verklagsreglur um góða stjórnarhætti (good governance) og hagsmunaárekstra.
  - Bætt verði við ákvæði um stefnu hvað varðar kynjahlutfall. Þ.e. að stefnt skuli að jöfnu hlutfalli kynja í stjórn KSÍ.
- **Sameining kjörbréfanefndar og kjörnefndar.**

- Nefnd kosin til tveggja ára í senn og hafi skilgreint hlutverk.
- **Aðkoma hagsmunaaðila á ársþingi**
  - Grein 9.7. í lögum KSÍ
    - Tveir fulltrúar eftirfarandi samtaka eigi rétt til þingsetu og hafi þar málfrelsi og tillögurétt:
      - Samtök knattspyrnudómara
      - Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands
      - Íslenskur Toppfótbolti
      - Leikmannasamtök Íslands
- **Fyrirkomulag fastanefnda**
  - Landsliðsnefndir teknar út úr lögum.
  - Tækni- og þróunarnefnd (nýtt)
  - Markaðsnefnd (nýtt).
  - Heilbrigðisnefnd og knattspyrnu- og þróunarnefnd verði bætt við fastanefndalista í 21. grein).
  - Samninga- og félagaskiptanefnd verði sjálfstæð úrskurðarnefnd (dómstig), kosin á ársþingi.
- **Dómstig KSÍ:**
  - Dómstig verði færð undir sérstakan kafla.
  - Bætt verði við tilvísun til siðanefndar KSÍ
    - Bætt verði við grein um hlutverk siðanefndar KSÍ
  - Bætt verði við tilvísun til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ
    - Bætt verði við grein um hlutverk samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ
- **Áfrýjun til CAS:**
  - Staðlað orðalag í lögum knattspyrnusambanda. Þ.e. að áfrýjun til Alþjóða Íþróttadómstólsins CAS sé möguleg hafi allar kæruleiðir í knattspyrnuhreyfingunni hér á landi verið tæmdar/reyndar.

## Stjórn KSÍ

Þingforseti óskaði eftir samþykki þingsins fyrir því að veita Hagsmunasamtökum knattspyrnukvenna og Leikmannasamtökum Íslands heimild til að taka þátt í umræðum um þingskjöl 7, 10, 15, 16 og 17.

### Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Umræður um þingskjál 7:

Flosi Eiríksson (Breiðablik) tók til máls. Flosi velti fyrir sér hvort verið væri að útiloka of marga aðila ef fólk í stjórnnum og ráðum félaga megi ekki sitja í nefndum og ráðum. Hann spurði hvort nóg væri að einskorða þetta við stjórnir félaga en þótti djúpt í árina tekið að fulltrúi í barna- og unglingaráði sé ekki gjaldgengur í nefnd og ráð á vegum KSÍ. Flosi ræddi einnig um greinina er snýr að lengd kjörtímabils formanns KSÍ og óskaði eftir því að sú breyting yrði tekin sérstaklega fyrir og kjósa sérstaklega um hana.

Trausti Hjaltason (ÍBV) tók til máls. Trausti sagði að of langt væri gengið í 47. grein, er snýr að hlutverki og stöðu landshlutafulltrúa og lagði fram breytingatillögu, þingskjál 7b. Trausti sagði að landshlutafulltrúar væru mikilvægir er varðar upplýsingaflæði til stjórnar og eins frá stjórn til þess

landshluta sem þau starfa í. Breytingin sem væri verið að leggja fram í þingskjali 7 gengi of langt, að hans mati. Trausti sagði jafnframt að hann væri hlynntur því að lengja kjörtímabil formanns í fjögur ár.

Anna Þorsteinsdóttir (Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna) tók til máls. Anna óskaði eftir því að breyting yrði gerð á grein 10.6 og að Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna fengju einnig málfrelsi og tillögurétt á þingi. Hún sagði að rödd samtakanna væri mikilvæg og óskaði eftir því að þingfulltrúi tæki að sér að leggja til breytingu á þessari grein.

Sigfús Ásgeir Kárason (KSÍ) tók til máls. Til að svara ábendingu Flosa, þá sagði Sigfús að hugmyndin væri ekki að útiloka fólk heldur að draga úr hagsmunaárekstrum. Jafnframt sagði Sigfús að stjórn KSÍ styddi breytingatillöguna sem Trausti lagði fram, þingskjal 7b.

Haraldur Haraldsson (Víkingur R.) tók til máls. Haraldur sagðist sammála því að kjósa ætti sérstaklega um breytinguna á lengd kjörtímabils formanns. Haraldur vildi koma því á framfæri að hann væri á móti því að fólk mætti ekki sitja lengur í stjórn KSÍ en sex kjörtímabil, líkt og lagt er til í grein 17.1. Fólk sem setið hefur 12 ár í stjórn og hefur hug á að sitja lengur ætti að hafa kost á því. Ef viðkomandi er ekki að standa sig, þá hlýtur viðkomandi væntanlega ekki kosningu. Fólk býður sig fram í stjórn vegna áhuga á að starfa fyrir hreyfinguna, ekki vegna fjárhagslegra hagsmuna, enda sitja eingöngu sjálfbóðaliðar í stjórn KSÍ. Ef sömu skilyrði væru sett á setu fólks í stjórnnum félaga, þá væru ansi margir sem á þinginu eru, heima hjá sér.

Hekla Pálmadóttir (Breiðablik) lagði fram breytingatillögu, þingskjal 7c.

Sigfús Ásgeir Kárason (KSÍ) tók til máls. Þakkaði fyrir líflegar umræður. Varðandi tillöguna um hámarkslengd setu stjórnarfólks í stjórn KSÍ, þá sagði Sigfús að UEFA hafi komið með tilmæli um að það yrði að vera einhver hámarkslengd en að 12 ár væri ekki eitthvað sem meitlað væri í stein, það mætti vel hafa það lengra.

Klara Bjartmarz (KSÍ) tók til máls. Hún benti á að ef ekki væri hámarkslengd á setu í stjórn, þá drægi UEFA úr styrkjum til KSÍ.

Samúel Samúelsson (Vestri) tók til máls. Samúel sagði að nú væri formaður barna- og unglingaráðs hjá Vestra að bjóða sig fram í stjórn KSÍ. Hún væri mjög mikilvægur einstaklingur í starfi félagsins og að félagið mætti illa við að missa hana úr þeirra starfi. Samúel lagði fram breytingatillögu, þingskjal 7e.

Haraldur Haraldsson (Víkingur R.) lagði fram breytingatillögu, þingskjal 7d.

### **Þingskjal 7b**

## **Breytingartillaga við þingskjal 7**

– Stjórnskipulag o.fl. –

### ***Tillagan hljóðar svona:***

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi breytingartillögu við þingskjal nr. 7 með eftirfarandi hætti:

**47. grein – Fulltrúar landsfjórðunga**

- 47.1 Fulltrúar landsfjórðunga eru fjórir, einn fyrir Vesturland og Vestfirði, einn fyrir Norðurland, einn fyrir Austurland og einn fyrir Suðurland. Landshlutafulltrúar eru trúnaðarmenn KSÍ á hverju svæði. Hlutverk fulltrúa landsfjórðunga er að fylgjast með starfi knattspyrnufélaga í fjórðungnum, stöðu knattspyrnunnar á svæðinu og skila KSÍ greinargerð um stöðu mála ásamt tillögum um aðgerðir eftir því sem þörf krefur.
- 47.2 Stjórn KSÍ ~~eða formaður og framkvæmdastjóri KSÍ~~, skal a.m.k. ársfjórðungslega boða fulltrúa landsfjórðunga á stjórnarfund. Á þeim fundum hafa kjörnir fulltrúar landsfjórðunga málfrelsi og tillögurétt. ~~og atkvæðisrétt.~~

KFS, ÍBV, Höttur/Huginn, Skallagrímur og KFA

**Þingskjal 7c****Breytingartillaga við þingskjal 7**

– Stjórnskipulag o.fl. –

**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi breytingartillögu við þingskjal nr. 7 með eftirfarandi hætti:

- 10.6 Á knattspyrnuþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:
- Stjórnarmenn KSÍ.
  - Framkvæmdastjóri KSÍ.
  - Tveir fulltrúar samtaka knattspyrnudómara.
  - Tveir fulltrúar Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands.
  - Tveir fulltrúar Íslensks Toppfótbolta.
  - Tveir fulltrúar Leikmannasamtaka Íslands.
  - Tveir fulltrúar Hagsmunasamtaka Knattspyrnukvenna
  - ~~Einn fulltrúi stjórnar hvers héraðssambands þar sem knattspyrna er iðkuð.~~

ÍR

**Þingskjal 7d****Breytingartillaga við þingskjal 7**

– Stjórnskipulag o.fl. –

**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi breytingartillögu við þingskjal nr. 7 með eftirfarandi hætti:

- 17.1 b. Kosning fjögurra manna í stjórn til tveggja ára. **Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF til tveggja ára í stjórn KSÍ, skv. grein 16.2. Stjórnarmaður skal ekki sitja lengur en tíu kjörtímabil samfleytt.**

Víkingur R.

Þingskjal 7e

### Breytingartillaga við þingskjal 7

– Stjórnskipulag o.fl. –

#### **Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi breytingartillögu við þingskjal nr. 7 með eftirfarandi hætti:

- 17.2 Þeir sem bjóða sig fram til embætta sem kosið er um samkvæmt grein 17.1. skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsisdóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. **Þeir sem kosnir eru í stjórn KSÍ og þeir sem kosnir eru til vara í stjórn KSÍ, að undanskildum fulltrúa ÍTF, skulu hvorki vera í launuðu starfi hjá aðildarfélögum KSÍ né sitja í stjórnnum eða vera formaður ráða þeirra.**

Vestri

**Tillaga á þingskjali 7b var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

**Tillaga á þingskjali 7c var samþykkt með meginþorra atkvæða.**

**Tillaga á þingskjali 7d var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

**Tillaga á þingskjali 7e var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

Grein 13.1 m, vegna tillögu um lengingu kjörtímabils formanns úr 2 árum í 4 ár, var borin upp sérstaklega til samþykktar þingsins.

**Tillagan var felld með 35 atkvæðum gegn 34. Tillagan náði því ekki fram að ganga og áfram verður kosið í embætti formanns á tveggja ára fresti.**

**Tillaga á þingskjali 7, með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið, var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**





## Þingskjal 8

Þórir Hákonarson (KF) hafði framsögu.

### Tillaga til lagabreytinga Lög KSÍ

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á 11., 14. og 15. grein laga KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **rauðmerkt**.  
Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

#### 11. grein - Dagskrá

1.

11.1 Dagskrá knattspyrnuþings er:

- a. Þingsetning og staðfesting á lögmati þingsins í samræmi við lög þessi.
- b. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- c. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- d. Kosning fyrsta og annars þingritara.
- e. Ávörp gesta.
- f. Álit kjörbréfanefndar og það samþykkt.
- g. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
- h. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
- i. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
- j. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.
- k. Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
- l. Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
- m. Önnur mál.
- n. Kosningar. Álit kjörnefndar.
  1. Kosning stjórnar.
    - a. Kosning formanns (annað hvert ár).
    - b. Kosning 4ra manna í stjórn.
    - c. Kosning 3ja varamanna í stjórn.
  2. Kosning fulltrúa frá landsfjórðungum.
    - a. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
    - b. Kosning 4ra varamanna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
  3. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
  4. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
  5. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn annað hvert ár).
  6. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).
  7. Kosning í leyfiráð KSÍ (5 menn annað hvert ár).
  8. Kosning í leyfisdóm KSÍ (5 menn annað hvert ár).
  9. Kosning fulltrúa í kjaranefnd
    - a. Kosning 3ja manna í kjaranefnd (annað hvert ár).
    - b. Kosning varamanns í kjaranefnd (annað hvert ár).
  10. Kosning kjörnefndar, (3 menn), er starfi milli þinga.
- o. Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn **og eins fulltrúa varamanns í stjórn** (annað hvert ár).

- p. Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.  
r. Þingslit.
- 11.2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

## V. STJÓRN KSÍ

### 14. grein - Skipulag stjórnar KSÍ

- 14.2. Auk kjörinna fulltrúa á ársþingi samkvæmt grein 14.1, skal formaður hagsmunasamtaka félaga í efstu deildum (Íslenskur toppfótbolti) sitja í stjórn KSÍ, enda séu a.m.k. 2/3 hluti félaga í efstu- og næst efstu deild karla og kvenna aðilar að samtökunum og formaður samtakanna kjörinn af fulltrúum félaganna. **Varaformaður ÍTF, sem jafnframt skal kjörinn af fulltrúum aðildarféлага ÍTF, tekur sæti á stjórnarfundum KSÍ ef formaður er forfallaður.** Fulltrúi hagsmunasamtaka félaga í efstu deildum (Íslenskur toppfótbolti) í stjórn KSÍ, **og varamaður**, skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og stjórnarmenn, skv. grein 15.2.

### 15. grein - Kosning stjórnar KSÍ

- 2.
- 15.1 Stjórn KSÍ er kosin á knattspyrnuþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Kosning skal fara þannig fram:
- Kosning formanns, annað hvert ár, til tveggja ára í senn. Formaður skal ekki sitja lengur en sex kjörtímabil samfleytt.
  - Kosning fjögurra manna í stjórn til tveggja ára. **Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF til tveggja ára í stjórn KSÍ, skv. grein 14.2.**
  - Kosning 3ja manna til vara í stjórn til eins árs. **Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF til vara stjórn KSÍ, skv. grein 14.2.**

### *Greinargerð*

Með þessari tillögu er verið að bregðast við því að samþykktum ÍTF hefur verið breytt á þann veg að varaformaður ÍTF er kjörinn sérstaklega og er staðgengill formanns ef formaður er forfallaður. Þegar komið hefur fyrir að formaður ÍTF hefur ekki komist á fundi stjórnar hefur ekki verið heimild til þess að inn sé kallaður sérstakur varafulltrúi fyrir hönd samtakanna. Eðlilegt er að ákvæðinu sé breytt þannig að fulltrúi ÍTF hafi ávallt tækifæri til þess að vera á fundum stjórnar KSÍ og því er breytingatillagan lögð fram. Eftir sem áður er ákvæði um að viðkomandi aðili þurfi að vera sérstaklega kjörinn á aðalfundi ÍTF líkt og gildir með formanninn.

**Orri Hlöðversson stjórn KSÍ/ÍTF**

**Tillaga á þingskjali 8 var samþykkt einróma.**

**Þingskjal 9**

Auður Sólrún Ólafsdóttir (ÍR) hafði framsögu.

**Tillaga til lagabreytinga  
Lög KSÍ**

**Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á 42. grein laga KSÍ.**

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **rauðmerkt**.  
Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

**33. grein - Knattspyrnumót**

1.

- 33.2. Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þáttökuliðum skipt í **a.m.k.** 3 deildir, efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í tveimur efstu deildunum. **Tilkynni fleiri en 11 lið sig til keppni í 2. deild kvenna, þá er stjórn KSÍ heimilt að skipta þáttökuliðum í fleiri deildir, en þá skal 2. deild kvenna skipuð 8-10 liðum og 3. deild kvenna skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í þremur efstu deildunum samkvæmt fyrirkomulagi skilgreindu í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.**

**Greinargerð**

Markmiðið með breytingartillögunni er að veita KSÍ heimild til að skipta þeim liðum sem skrá sig til leiks í neðstu deild kvenna, sem í dag er 2. deild kvenna, upp í tvær deildir, þ.e. 2. og 3. deild. Ef t.d. 12 lið eða fleiri skrá sig til leiks í Íslandsmót þá hafi KSÍ heimild með vísan til greinar 33.4. til að skipta mótinu upp í fleiri deildir. Sem dæmi væri hægt að skipta deildum upp eftir styrkleika liða þannig að lið í efri hluta síðasta tímabils spili í 2. deild og neðri lið síðasta tímabils ásamt nýskráðum liðum spili í 3. deild. Spilað yrði eftir því fyrirkomulagi sem KSÍ ákveður hverju sinni.

Er vonast til að breyting þessi muni styrkja 2. deild og að liðum í knattspyrnu kvenna muni fjölga með fjölbreyttara verkefni sem 3. deild myndi bjóða upp á.

**ÍR, ÍA, Völsungur og Fram**

Umræður um þingskjal 9:

Helga Helgadóttir (KSÍ) tók til máls. Helga gerði grein fyrir álitni mótanefndar á þingskjali 9:

Hér er verið að veita heimild til þess að ef félögin eru 12 eða fleiri sem taka þátt í 2. deild kvenna, þá sé heimilt að skipta 2. deild kvenna í upp í tvær deildir. Í dag eru 12 lið skráð til leiks í 2. deild kvenna. Þau leika núna öll 22 leiki. Ef þessi heimild yrði nýtt í 12 liða móti, þá er hætt við því að þau fjögur lið sem eftir standa í 3. deild kvenna fengju fáa leiki og mótið yrði ekki til þess fallið að vekja áhuga hjá viðkomandi liðum. Ferðalög milli landshluta í margra umferða móti gæti reynt verulega á þau félög. Jafnframt myndi 8-liða mót í 2. deild kvenna með tvöfaldri umferð, fækka leikjum verulega miða við núverandi fyrirkomulag. Það verður alltaf verkefni hreyfingarinnar að finna besta mögulega fyrirkomulag í neðstu deild karla og kvenna. Nefndin er almennt ekki sannfærð um að það sé best fyrir félögin að festa fyrirkomulagið þar of mikið. Slíkt gæti mögulega komið í veg fyrir að hægt væri að bregðast hratt við breyttum aðstæðum.

Auður Sólrún Ólafsdóttir (ÍR) tók til máls. Auður benti á að þetta væri eingöngu heimildarákvæði og ekki til þess gert að festa fyrirkomulagið. Hún vonast jafnframt til þess að þetta verði til þess að fleiri félög skrái lið til leiks. Auður tók einnig fram að áherslan yrði að vera sú að leikin væri tvöföld umferð, einföld umferð væri ekki góð leið.

**Tillaga á þingskjali 9 var samþykkt. 53 atkvæði með, 9 atkvæði á móti.**

## Þingskjal 10

Þórir Hákonarson (KF) hafði framsögu.

### Tillaga til lagabreytinga Lög KSÍ

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á 42. grein laga KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

#### 42. grein - Réttindi

1.

- 42.1 KSÍ og félögin innan KSÍ eru eigendur alls réttar, sem tengist mótahaldi KSÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af KSÍ. Þessi réttur og hagnýting hans nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, t.d. í sjónvarpi, í útvarpi, á internetinu og í síma, markaðsréttinda, kynningar- og höfundarréttar að höfðu samráði aðila.
- 42.2 Lúti hagnýting **og sala** réttinda, svo sem sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda deilda, ~~sala~~ ~~auglýsinga~~ og **hvers kyns annarra réttinda auk sölu** **auglýsinga og markaðssetningar**, að ákveðnum deildum, fara félög í þeirri deild eða deildum, eða viðurkennd hagsmunasamtök þeirra, með samningsumboð og ráðstöfun allra réttinda. **ÍTF, sem viðurkennd hagsmunasamtök félaga í tveimur efstu deildum karla og kvenna, fer með öll réttindi í þeim deildum í samræmi við samþykktir aðildarfélaga ÍTF hverju sinni.**

#### Greinargerð

Með þessari tillögu er einvörðungu verið að hnykkja á því að réttindin í tveimur efstu deildum karla og kvenna liggja nú hjá ÍTF fyrir hönd félaganna. Jafnframt að hnykkja á því að réttindi í öðrum deildum liggja hjá þeim félögum sem í deildinni eru eða hagsmunasamtökum þeirra verði þau stofnuð. Það er mikilvægt að þetta sé skýrt í lögum KSÍ þannig að ekki fari á milli mála að réttindin eru félaganna að fara með, ráðstafa og hagnýta, hvort sem þau tilheyra efstu deildum eða ekki.

#### Orri Hlöðversson stjórn KSÍ/ÍTF

Umræður um þingskjal 10:

Vanda Sigurgeirsdóttir (KSÍ) tók til máls. Hún vísaði í umfjöllun laga- og leikreglnanefndar um tillöguna. Þar er vísað í umfjöllun laga- og leikreglnanefndar og áréttað að um sé að ræða eign KSÍ og félaganna. Tillagan gengur, að mati stjórnar, lengra en grein 42.1 getur til kynna. Samkvæmt greininni er KSÍ og félögin innan KSÍ eigendur alls réttar sem tengist mótahaldi KSÍ. Stjórnin telur að hagnýting ÍTF komi skýrt fram í lagagreininni, eins og hún er núna og telur því óþarfi að breyta henni. Greinin er skýr varðandi eign réttinda og flokkun þeirra.

Tillaga á þingskjali 10 var felld. 29 atkvæði með, 30 atkvæði á móti.

**Þingskjal 11**

Þórir Hákonarson (KF) hafði framsögu.

**Tillaga til ályktunar**  
– Þáttökugjöld í mótum og gjalddagar –

**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

13. gr.  
*Þáttökuréttur*

- 13.3 ~~Stjórn KSÍ skal í samráði við mótanefnd~~ **Ársþing KSÍ skal** ákveða þáttökugjöld í mótum á vegum KSÍ.
- 13.4 Þáttökutilkynningar í landsmótum skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 10. janúar. Félög sem rétt eiga til þáttöku í landsdeildum meistaraflokks skulu þó staðfesta þáttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður. Þáttökutilkynningar verða ekki teknar til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar, sem og ~~helmingur þáttökugjalda~~, helmingur heildargjalds vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni (ef við á) og ógreiddar skuldir fyrra árs. Eftirstöðvar þessara gjalda **og þáttökugjöld** skal inna af hendi eigi síðar en 30. ~~apríl~~ **mars** sama ár ella hefur þáttökutilkynningin ekki verið staðfest.

**Greinargerð**

Uppfærsla á reglugerð í samræmi við ákvörðun um þáttökugjöld og svo dagsetningar vegna breytingar á mótahaldi þar sem mótin hefjast fyrr en áður.

**Orri Hlöðversson stjórn KSÍ/ÍTF**

Umræður um þingskjal 11:

Borghildur Sigurðardóttir (KSÍ) tók til máls. Borghildur sagði að stjórn KSÍ sæi ákveðin ómöguleika í því að ársþing KSÍ ákveði þáttökugjald, þar sem þetta þarf að vera inni í fjárhagsáætlunum. En Borghildur var í sjálfu sér samþykkt því að taka út að orðalag sem segir að gjaldið skuli ákveðið í samráði við mótanefnd. Borghildur sagði jafnframt að treysta þyrfti stjórnendum fyrir því að gera áætlun fyrir knattspyrnusambandið í heild sinni.

Þórir Hákonarson (KF) tók til máls. Hann var sammála Borghildi og lagði til að orðalagi yrði breytt og eingöngu kæmi fram að þáttökugjaldið yrði ákveðið af stjórn KSÍ. Þórir vildi hins vegar ítreka að seinni hluta tillögunnar, að gjaldið skuli greitt í síðasta lagi 30. mars, standi.

Borghildur Sigurðardóttir (KSÍ) tók til máls. Hún var sammála þóri um að breyta þeirri dagsetningu, hafa hana 30. mars í stað 30. apríl.

**Tillaga á þingskjali 11 var samþykkt einróma, með þeim breytingum sem Þórir Hákonarson lagði til.**

**Þingskjal 12**

Þórir Hákonarson (KF) hafði framsögu.

**Tillaga til ályktunar**

– Dómaramál–

**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

19.gr.

**Dómaramál**

19.2 KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi mótum:

- öllum mótum KSÍ í meistaraflokki,
- A og B deild 2. flokks karla og kvenna
- bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum,
- úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokka.

KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, þar sem þess er krafist, nema í keppni Utandeildar karla og ~~2. flokks karla og kvenna~~ **5.deild karla**.

19.3 Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- ~~Íslandsmóti og bikarkeppni 2. flokks~~, **5.deild karla**
- keppni eldri flokka (riðlakeppni),
- í öðrum leikjum

Heimalið getur tilnefnt aðstoðardómara á leiki í keppni 11 manna liða þó þess sé ekki krafist.

**Greinargerð**

Í nágildandi reglugerð er gert ráð fyrir að félögin sjái sjálf um að manna aðstoðardómara í 2.aldursflokki en í þeim aldursflokki eru leikmenn endanlega að mótast áður en þátttaka í meistaraflokki tekur við. Í þessum aldursflokki felast mikil verðmæti fyrir framtíðina hverju sinni í íslenskri knattspyrnu, þarna eigast við framtíðarleikmenn í meistaraflokkum og landsliðum Íslands og verulega hefur vantað á umgjörð leikja hjá þessum liðum og hluti af því er að allur gangur hefur verið á því hvaða aðilar sjá um aðstoðardómgæslunni á stundum. Með þessum hætti er verið að færa aðstoðardómara á vegum KSÍ af leikjum í 5.deild karla yfir á leiki í 2.aldursflokki og í ljósi þess að í 2.aldursflokki eru krefjandi leikir oft og tíðum og þar eru framtíðarleikmenn í íslenskri knattspyrnu er eðlilegt við núverandi ástand að þar skipi KSÍ alla dómara en félög í 5.deild sjái um að manna aðstoðardómara á leikina hjá sér enda allnokkur félög þar sem lítið sem ekkert leggja til við dómgæslu á Íslandsmóti að öðru leyti.

**Orri Hlöðversson stjórn KSÍ/ÍTF**

Umræður um þingskjal 12:

Þórir Hákonarson (KF) lagði fram eftirfarandi breytingatillögu, þingskjal 12b:



## Þingskjal 12b

**Breytingartillaga við þingskjal 12***– Dómaramál –***Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi breytingartillögu við þingskjal nr. 12 með eftirfarandi hætti:

Lagt er til að á árinu 2023 skuli KSÍ aðeins tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara og aðstoðardómurum í úrslitakeppni 5. deildar karla og í 2. flokki karla og kvenna A deild frá og með 2. lotu sem hefst í maí.

KSÍ mun aðeins tilnefna dómara í riðlakeppni 5. deildar að óbreyttu. Fyrirkomulag vegna niðurröðunar dómara í bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna verði óbreytt mv. núverandi fyrirkomulag í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

KF

## Umræður um þingskjal 12:

Halldór Breiðfjörð (KSÍ) tók til máls. Halldór vildi nýta tækifærið og benda á að dómurum hefur fækkað um 43% frá árinu 2019. Ástæðan er fyrst og fremst heimsfaraldur vegna Covid-19, þetta vandamál er ekki bundið við Ísland heldur hefur gerst um alla Evrópu. En Halldór vildi einnig áréttta að dómurum væri að fækka vegna hegðunar foreldra, þjálfara og annarra. Dómaranefnd KSÍ leggur mikla vinnu í að fjölga dómurum og það er verkefni okkar allra í knattspyrnuhreyfingunni.

**Tillaga á þingskjali 12b var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

**Þingskjal 13**

Þórir Hákonarson (KF) hafði framsögu.

**Tillaga til ályktunar**

– Ljósleiðaratenging á leikvöllum í efstu deildum–

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi ályktunartillögu;

***Tillagan hljóðar svona:***

Ársþing KSÍ samþykkir að sett verði inn ákvæði í reglugerð um knattspyrnuleikvanga að allir leikvelli í tveimur efstu deildum karla og kvenna séu tengdir ljósleiðaratengingum og verði félögum veitt aðlögun til keppnistímabilsins 2024 til þess að verða við þessum breytingum.

***Greinargerð***

Eðlilegt er að allir leikvelli í efstu deildum séu tengdir ljósleiðaratengingum þegar auknar kröfur eru gerðar um framleiðslu á leikjum fyrir sjónvarpsútsendingar o.fl. og leikirnir eru söluvara á bæði innlendum og erlendum vettvangi.

**Orri Hlöðversson stjórn KSÍ/ÍTF**

**Tillaga að þingskjali 13 var samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.**

**Þingskjal 14**

Þórir Hákonarson (KF) hafði framsögu.

**Tillaga til ályktunar**  
– Flóðlýsing á leikvöllum í efstu deildum–

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi ályktunartillögu;

**Tillagan hljóðar svona:**

Ársþing KSÍ samþykkir að sett verði inn ákvæði í reglugerð um knattspyrnuleikvanga að allir leikvellir í efstu deild karla og kvenna verði búnir flóðljósum með að lágmarki 800 lux (útfærsla í höndum mannvirkjanefndar) og uppfylli önnur skilyrði sem UEFA setur varðandi flóðlýsingu á leikvöllum. Aðlögun verði gefin til þess að uppfylla þetta skilyrði til upphaf keppnistímabilsins 2026.

**Greinargerð**

Með breytingu á mótafyrirkomulagi í efstu deildum og lengingu keppnistímabils inn í skammdegið er mikilvægt að bregðast við og búa leikvöllina þannig að hægt sé að spila á þeim seinni part dags þegar liður á haustið. Við núverandi ástand er erfitt að finna hentugan tíma fyrir leiki í seinni hluta tímabilsins hjá þessum liðum og lenda leikir því oft á þeim tímum hvorki áhorfendur né starfsmenn leikjanna hafa möguleika á að mæta á völlinn.

**Orri Hlöðversson stjórn KSÍ/ÍTF**

**Tillaga að þingskjali 14 var samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.**

**Þingskjal 15**

Þórir Hákonarson (KF) hafði framsögu.

**Tillaga til ályktunar**

– Starfshópur um framkvæmd leyfiskerfis hjá ÍTF –

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi ályktunartillögu;

**Tillagan hljóðar svona:**

Ársþing KSÍ samþykkir að setja á fót starfshóp sem kanna skal möguleika á því að ÍTF taki yfir framkvæmd leyfiskerfis KSÍ að svo miklu leyti sem reglur UEFA heimila. Starfshópurinn verði skipaður tveimur fulltrúum tilnefndum af KSÍ og tveimur fulltrúum tilnefndum af ÍTF og skili greinargerð til stjórnna KSÍ og ÍTF fyrir 1. ágúst 2023.

**Greinargerð**

Deildasamtökum í Evrópu er heimilt að taka yfir leyfiskerfið að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og þegar hafa slík samtök tekið að öllu leyti eða að hluta til yfir framkvæmd leyfiskerfisins. Slík ráðstöfun hefur í för með sér að leyfiskerfið færir nær félögunum og þjónar betur hagsmunum þeirra. Rétt er því að kanna hvort grundvöllur er fyrir því hér á landi að ÍTF taki yfir leyfiskerfið að hluta til og þá í samræmi við reglur UEFA og í sátt við KSÍ.

**Orri Hlöðversson stjórn KSÍ/ÍTF**

Umræður um þingskjal 15:

Vanda Sigurgeirsdóttir (KSÍ) tók til máls. Vanda gerði grein fyrir athugasemd stjórnar. Hún sagði að stjórn KSÍ væri mótfallin þessari tillögu og telur hana ekki tímabæra á þessari stundu. Leyfiskerfið sé í ákveðinni vegferð og nýverið var ráðinn inn leyfisstjóri. Ætlunin sé að einfalda kerfið og aðlaga það að okkar aðstæðum, nota það verkfæri í framþróun á íslenskum fótbolta. Vanda vildi einnig benda á að 51 af 55 aðildarþjóðir UEFA væri með fyrirkomulagið eins og það er hjá okkur í dag.

Anna Þorsteinsdóttir (Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna) tók til máls. Hún tók undir með Vöndu og sagði þetta ekki vera rétti tíminn til að gera breytingu á núverandi fyrirkomulagi. Arna sagði að það hallaði mikið á knattspyrnu kvenna og sagði mikilvægt að þessi mál væru áfram innan KSÍ. Hún sagði að það hallaði mikið á knattspyrnu kvenna innan ÍTF, þar væru fjármunum misskipt og markaðslögmál sem stýra flestu þar inni, eins og sakir standa. Anna sagði að ef þessi tillaga yrði samþykkt, þá væri mikilvægt að gæta að kynjajafnrétti innan starfshópsins.

Arnar Sveinn Geirsson (Leikmannasamtökin) tók til máls. Hann tók undir með bæði Vöndu og Önnu. Arnar Sveinn vildi einnig árétta að ef til þess kæmi að þessi starfshópur yrði settur á laggirnar, að hagsmunir allra aðila yrðu teknir með í myndina.

Þórir Hákonarson (KF) tók til máls. Hann undraðist það mjög að bæði Leikmannasamtökin og Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna væru á móti þessari tillögu. Þórir sagði að þetta væri eingöngu tillaga um að mynda starfshóp og ekkert við þessa tillögu væri fest í lög. Hlutverk starfshópsins væri

að fara í gegnum þessi mál og skila af sér ályktun sem lögð verður fyrir á næsta ársþingi. Það væri svo hlutverk þingsins á næsta ári að annað hvort samþykkja eða hafna niðurstöðu starfshópsins. Þórir sagði jafnframt að ljóst væri að hluti leyfiskerfisins væri alltaf innan KSÍ.

Sigfús Ásgeir Káráson (KSÍ) tók til máls. Sigfús vildi skýra betur afstöðu stjórnar KSÍ. Hann tók fram að tímamörkin stæðu í stjórn KSÍ og mikilvægt væri að gefa núverandi kerfi meiri tíma til að móta stefnu og þær breytingar sem eru í burðarliðnum.

Flosi Eiríksson (Breiðablik) tók til máls. Flosi sagði að einmitt vegna þessara breytinga sem eru að eiga sér stað, þá sé rétti tíminn núna til að stofna þennan starfshóp.

Arnar Sveinn Geirsson (Leikmannasamtökin) tók til máls. Arnar sagði að hann væri ósáttur við orðalag tillögunnar, um að ÍTF tæki yfir framkvæmd leyfiskerfis KSÍ að svo miklu leyti sem reglur UEFA heimila. Hann sagði að ef tillagan hefði víðara orðalag, um að stofnaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að kanna möguleikann á því hvernig best sé að framkvæma leyfiskerfi KSÍ, þá væru leikmannasamtökin hlynnt því. Tillagan segir einnig til um að starfshópurinn verði skipaður tveimur fulltrúum tilnefndum af KSÍ og tveimur fulltrúum tilnefndum af ÍTF. Arnar sagði að þetta orðalag lokaði á það að fleiri hagsmunaaðilar kæmu að borðinu. Hann skoraði á Þóri að breyta orðalaginu og opni á þann möguleika að fleiri komið að mótun leyfiskerfisins.

Vanda Sigurgeirsdóttir (KSÍ) tók til máls. Hún ítrekaði að tillagan væri ekki almennt orðalag um leyfiskerfið heldur gengur tillagan út á að ÍTF taki yfir hluta leyfiskerfisins.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann var sammála Flosa og sagði að starfshópurinn væri ekki að taka neina loka ákvörðun. Viðar sagði að félögin og stjórn KSÍ hefðu mesta hagsmuni að gæta í framkvæmd leyfiskerfisins. Hann hvatti til stofnunar starfshópsins og síðar meir kæmi svo í ljós hver niðurstaða hans yrði og hvort hún yrði samþykkt eða ekki.

Ívar Ingimarsson (KSÍ) tók til máls. Ívar benti einnig á orðalag tillögunnar, að hún hljóðar ekki á um að kanna bestu leiðina á framkvæmd leyfiskerfisins, heldur hljóðar hún upp á að starfshópurinn skuli kanna þann möguleika að ÍTF taki yfir hluta leyfiskerfisins. Hann benti á að Þórir hafi nefnt það að leita ætti að bestu leiðinni við framkvæmd leyfiskerfisins og taldi því eðlilegast að tillagan hljóðaði þannig. Að leitað væri að bestu leiðinni en ekki að kanna þann möguleika að ÍTF taki yfir hluta leyfiskerfisins.

Þórir Hákonarson (KF) tók til máls. Hann sagði vel geta sæst á þá breytingu að orða tillöguna á annan hátt. Þórir lagði fram breytingatillögu, þingskjal 15b.

Hann ítrekaði samt sem áður að það væru aðeins tveir aðilar sem geta haft umsjón með framkvæmd leyfiskerfisins og það væru annars vegar KSÍ og hins vegar deildarsamtök.

### **Þingskjal 15b**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi ályktunartillögu;

#### ***Tillagan hljóðar svona:***

Ársþing KSÍ samþykkir að setja á fót starfshóp sem kanna skal bestu möguleikana í framkvæmd leyfiskerfis KSÍ. Starfshópurinn verði skipaður tveimur fulltrúum tilnefndum af KSÍ og tveimur fulltrúum tilnefndum af ÍTF og skili greinargerð til stjórnar KSÍ og ÍTF fyrir 1. desember 2023.

**Þórir Hákonarson, KF**

**Tillaga að þingskjali 15b var samþykkt með 38 atkvæðum gegn 17.**

**Tillaga að þingskjali 15 var samþykkt, með áorðnum breytingum. 38 greiddu atkvæði með tillögunni en 25 á móti.**

**Þingskjal 16**

Þórir Hákonarson (KF) hafði framsögu.

**Tillaga til ályktunar**  
– Leyfismál gangi ekki lengra en hjá UEFA –

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi ályktunartillögu;

**Tillagan hljóðar svona:**

Ársþing KSÍ samþykkir að leyfisreglugerð KSÍ gangi aldrei lengra varðandi kröfur á aðildarfélög heldur en leyfisreglugerð UEFA gerir ráð fyrir hverju sinni.

Ákvæði sem þegar hafa verið samþykkt af stjórn KSÍ í grein 21 í leyfisreglugerð þar sem segir að öll félög sem taka þátt í efstu deild karla skuli einnig senda lið til leiks í meistaraflokki í Íslandsmóti kvenna verði fellt úr gildi og lagfært í samræmi við leyfisreglugerð UEFA og ákvæði þar um.

**Greinargerð**

Samþykkt stjórnar KSÍ sem kynnt er með dreifibréfi 10 frá árinu 2022 og gerir ráð fyrir að lið í efstu deild karla þurfi að vera með meistaraflokkslið í knattspyrnu kvenna gengur lengra heldur en leyfisreglugerð UEFA gerir ráð fyrir. Á sama tíma og verið er að lækka fjárframlög til aðildarfélaga og auka jafnframt kostnað vegna þátttöku í mótahaldi er ekki forsvaranlegt að kröfur í leyfiskerfinu gangi lengra heldur en kröfur UEFA og auki þar með enn á kostnað. Auk þess búa sum lið t.d. á landsbyggðinni við þær aðstæður að afar erfitt getur verið fyrir viðkomandi félag að fullmanna lið í meistaraflokki kvenna, jafnvel þó að farið væri í samstarf með öðrum félögum.

**Orri Hlöðversson stjórn KSÍ/ÍTF**

Umræður um þingskjal 16:

Sigfús Ásgeir Kárasón (KSÍ) tók til máls. Sigfús sagði að þarna væri verið að taka svolítið stórt upp í sig. Leyfiskerfi UEFA nær eingöngu yfir félög sem eru í Evrópukeppni og ef þessi tillaga færi í gegn, þá væri hægt að túlka hana þannig að leyfiskerfið næði eingöngu til þeirra félaga sem eru í Evrópukeppni og ekki yfir önnur lið í efstu deildum karla og kvenna. Sigfús undraðist það ákvæði sem getið er um í greinargerð að tillögunni, um að lið í efstu deild karla þurfi að vera með meistaraflokkslið í knattspyrnu kvenna, væri ekki tekið sérstaklega fyrir í stað þess að hafa tillöguna eins og hún er. Sigfús sagði að þessi tillaga gæfi félögum einnig tækifæri til að hætta með meistaraflokk kvenna, verði hún samþykkt.

Helga Helgadóttir (KSÍ) tók til máls. Helga benti á að í ýmsum atriðum gerði UEFA minni kröfur á umgerð um knattspyrnu kvenna og það sé ekki leið sem við ættum að fara. Þvert á móti ættum við að reyna að hafa kröfurnar þær sömu í sem flestum tilfellum. T.d. væri nú krafa um það í okkar leyfiskerfi að sömu menntunar sé krafist í efstu deild kvenna og karla, sem gengur lengra en reglugerð UEFA. Helga sagði að lokum að hennar mat væri að ekki ætti að samþykkja þessa tillögu.

Anna Þorsteinsdóttir (Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna) tók til máls. Anna var sammála Helgu og Sigfúsi og las úr yfirlýsingu sem Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna sendu frá sér fyrir þingið:

Við í stjórn HKK tökum í sama streng og teljum að með þessari ályktun sé gengið alltof langt í að hindra frampróun íslenskrar knattspyrnuhreyfingar. Við teljum ekki rétt að reglugerðir

UEFA, sem stendur aftar KSÍ í jafnrétti, eigi að stýra vegferð íslenskrar knattspyrnuhreyfingar í átt að auknu jafnrétti. Við teljum að með því að samþykkja þessa ályktun þá séum við ekki einungis að minnka sjálfstæði íslenskrar knattspyrnu heldur einnig setja óþarfa hindrun fyrir framþróun og eflingu knattspyrnu kvenna á Íslandi. KSÍ og íslenska knattspyrnuhreyfingin á að vera leiðandi í breytingum í átt að auknu jafnrétti og eflingu knattspyrnu kvenna en ekki bíða eftir að UEFA taki löngu tímabær skref í átt að auknu jafnrétti.

Anna sagði að betra hefði verið að taka eingöngu fyrir þann hluta er snýr að meistaraflokki kvenna og að þessi tillaga gengi allt of langt.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann var ósáttur við túlkun Sigfúsar á að félög væru mögulega að leita leiða til að hætta með meistaraflokk kvenna. Viðar sagði að þau sem koma að rekstri knattspyrnufélaga á Íslandi viti að þetta sé ekki eins og að reka knattspyrnusamband með 250 milljón króna hagnaði. Þetta sé stöðug barátta og leyfiskerfið setur auknar kröfur.

Vanda Sigurgeirsdóttir (KSÍ) tók til máls. Vanda gerði menntun þjálfara að umræðuefni. Þessi tillaga bjóði upp á að gerð sé minni kröfur til menntunar á þjálfurum í efstu deild karla og kvenna.

Sigfús Ásgeir Kárason (KSÍ) tók til máls. Sigfús sagðist ekki vera að væna félög um að leita leiða til að leggja niður meistaraflokk kvenna en að tillagan væri þannig orðuð að hægt væri að gera það. Sigfús benti einnig á að þessi tillaga væri í mótsögn við tillöguna sem snýr að flóðlýsingu á völlum. Sú tillaga gengur lengra en leyfisreglugerð UEFA.

Samúel Samúelsson (Vestri) tók til máls. Samúel varpaði þeirri spurningu fram hvað myndi gerast ef lið úr næstefstu deild, sem ekki er með meistaraflokk kvenna, færi upp í efstu deild.

Borghildur Sigurðardóttir (KSÍ) tók til máls. Hún benti á að fordæmi væru fyrir því að félög sendi sameiginlegt lið til keppni.

Auður Sólrún Ólafsdóttir (ÍR) tók til máls. Hún tók undir orð Vöndu og annarra sem töluðu gegn þessari tillögu. Hún benti Samúel jafnframt á að ÍR hafi sent lið til keppni fyrir nokkrum árum í samstarfi við BÍ/Bolungarvík.

**Tillaga að þingskjali 16 var felld með meginþorra atkvæða.**



**Þingskjal 17**

Vanda Sigurgeirsdóttir (formaður KSÍ) hafði framsögu.

**Tillaga til ályktunar**  
– Viðbragðsáætlun Íþróttá- og æskulýðsstarfs –

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi ályktunartillögu;

**Tillagan hljóðar svona:**

Ársþing KSÍ samþykki að knattspyrnuhreyfingin á Íslandi starfi eftir nýrri viðbragðsáætlun Íþróttá- og æskulýðsstarfs sem kynnt var 4. nóvember 2022.

**Greinargerð**

Áætlunin var unnin í sameiningu af Bandalagi íslenskra skáta (BÍS), Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ), Kristilegu félagi ungra manna og kvenna (KFUM og K), Samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Æskulýðsvettvanginum (ÆV).

Markmið viðbragðsáætlunar er að færa aðilum innan íþróttá- og æskulýðsfélaga og samtaka um allt land samræmda áætlun vegna atvika og áfalla sem upp geta komið í slíku starfi og innifelur leiðbeiningar varðandi erfið og flókin mál af ýmsum toga. Best er að viðbrögð allra íþróttá- og æskulýðsfélaga séu eins.

Í áætluninni er að finna verkferla sem fylgja skal þegar upp koma atvik eða áföll í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Dæmi um atvik sem að viðbragðsáætlunin nær til eru slys, veikindi, náttúruhamfarir, einelti og ofbeldi. Einnig eru þar gagnlegar upplýsingar um meðal annars ferðalög, hinseginleika og fjölmenningu og inngildingu í félagsstarfi, öryggismál og skráningu atvika.

Áætlunin nær yfir alla starfsemi íþróttá- og æskulýðsfélaga á landinu, aðildarfélaga, þátttakendur, stjórnendur, yfirmenn, starfsfólk, sjálfboðaliða og aðra ábyrgðaraðila innan félaganna. Stjórn KSÍ hefur þegar samþykkt að unnið sé eftir áætluninni í starfsemi KSÍ.

**Stjórn KSÍ**

**Tillaga að þingskjali 17 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

Þingskjal 18

Vanda Sigurgeirsdóttir (formaður KSÍ) hafði framsögu.

**Tillaga til ályktunar**  
– Knattspyrnumannvirki og ferðakostnaður –

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi ályktunartillögu;

***Tillagan hljóðar svona:***

Ársþing KSÍ samþykki að skorað verði á sveitafélög og ríkisvaldið að styðja við uppbyggingu knattspyrnumannvirkja um allt land. Við viljum þakka fyrir þann mikla stuðning sem þegar hefur verið veittur en bendum á að víða um land er aðstaðan óboðleg, sem hefur í för með sér brottfall, fækkun liða og mikil ferðalög. Auk þess, vegna fækkunar og samþjöppunar liða á landsbyggðinni hafa ferðalög lengst til muna, ekki síst að vetrarlagi. Á það bæði við um börn og fullorðna iðkendur. Ferðakostnaður er mikill baggi á starfi félaganna og margir foreldrar ráða ekki við aukinn ferðakostnað vegna ferða til og frá æfingum og keppni. Því skorum við á sveitarfélög og ríkisvaldið að leita leiða til að aðstoða félög á landsbyggðinni enn frekar með ferðakostnað vegna leikja og æfinga.

**Stjórn KSÍ**

**Tillaga að þingskjali 18 var samþykkt einróma.**

**Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.**

Engin slík mál höfðu borist

**Önnur mál.**

Helga Helgadóttir (KSÍ). Helga fór yfir niðurstöður starfshóps sem skipaður var eftir 76. ársþing KSÍ 2022. Hlutverk hópsins var að fjalla um þingskjal 13 af fyrrgreindu ársþingi, varalið í keppni meistaraflokks kvenna.

Þingforsetar, þingfulltrúar, aðrir gestir. Komið þið sæl, ég heiti Helga Helgadóttir og var formaður starfshóps um varalið í mfl. kvenna sem skipaður var á síðasta ársþingi. Ég ætla hér að gera grein fyrir skýrslu starfshópsins.

Skýrslan var send öllum aðildarfélögum og birt á heimasíðu KSÍ. Farið var stuttlega yfir helstu niðurstöður á formanna og framkvæmdastjórafundi í byrjun árs en rétt er að kynna efni hennar fyrir þingheimi.

Forsaga málsins er sú að á ársþingi í fyrra var lögð fram tillaga til ályktunar þess efnis að heimila félögum að skrá til leiks varalið í meistaraflokki kvenna sem hefði þátttökurétt í deildarkeppni Íslandsmóts. Um þetta spunnust talverðar umræður á þinginu og sitt sýndist hverjum. Málinu var því vísað í starfshóp.

Horft var til þess að í starfshópnum væri fjölbreyttur hópur fólks frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, frá félögum í öllum deildum o.s.frv. Starfshópin skipuðu ég sjálf og þau Katla Guðjónsdóttir, Auður Sólrún Ólafsdóttir, Eysteinn Húni Hauksson, Ísleifur Gissurarson, Margrét Hafsteinsdóttir og Ágúst Hreinn Sæmundsson. Birkir Sveinsson og Þorsteinn Halldórsson störfuðu með hópnum. Verkefni hópsins var að fjalla um þingsályktunartillögu í þingskjali 13 frá ársþingi 2022.

Til að ramma verkefnið betur inn reyndi hópurinn að skilgreina hvað það er sem kallar mögulega á breytingar á tilhögun keppni í mfl. kvenna og varð sammála um eftirfarandi þætti:

- Í fyrsta lagi má nefna að hópur ungra og efnilegra leikmanna, sem fær ekki mikinn spiltíma með meistaraflokki síns félags, hefur ekki fengið nægilega krefjandi verkefni í 2.flokki undanfarin ár. Mörg félög hafa átt erfitt með að halda úti starfi í 2.fl.kv og þ.a.l. hefur keppni í þeim aldursflokki ekki verið nógu spennandi og jafningjaleikir hafa ekki verið nógu margir.
- Í öðru lagi hafa félög sem unnið hafa sér sæti í Meistaradeild Evrópu lent í því að geta ekki teft fram ungum og efnilegum leikmönnum þar sem þeir eru „fastir“ í skástriksliðum þegar kemur að evrópukeppni.
- Í þriðja lagi má nefna brottfall en leikmenn á 2.fl.aldri sem ekki komast í mfl. síns félags hætta gjarnan snemma í fótbolta - sem er miður.

Starfshópurinn ræddi einkum um þrjár leiðir sem fara mætti til að bæta umgjörð þess leikmannahóps sem um ræðir.

**Leið A:** Felur það í sér að halda fyrirkomulagi óbreyttu en halda áfram að bæta umgjörð um 2.fl.kv. (u20) með það að leiðarljósi að sú keppni verði öflugri og verðugt verkefni fyrir unga og efnilega leikmenn.

Keppnistímabilið 2021-2022 voru gerðar verulegar breytingar á hlutgengisreglum í 2.fl.kv., m.a. var einu ári bætt við aldursflokkinn og hlutgengi eldri leikmanna rýmkað með þeim hætti að nú mega 4 eldri leikmenn taka þátt í leikjum u20 ára liðs og þeir mega hafa komið inná í næsta leik meistaraflokks á undan en mega ekki hafa byrjað leikinn. Breytingar þessar virðast mælast vel fyrir hjá flestum félögum sem tóku þátt sl. keppnistímabil. Fyrirkomulag í Svíþjóð er að einhverju leyti sambærilegt og væri e.t.v. hægt að líta þangað ef huga á að framþróun u20 ára keppinnar hér heima. Ekki er víst að það þurfi að einskorða sig við 20 ára aldurstakmarkið, það mætti vel skoða að breikka aldursbilið enn frekar. Þess má geta að í ár hefur orðið veruleg aukning á skráningum liða til leiks í Íslandsmóti í 2.flokki kvenna. Í fyrra luku 14 félög keppni í 2.aldursflokki kvenna en í ár eru 22 félög skráð til leiks. **Leiðir B og C fela það í sér að leyfa félögum að skrá fleiri en eitt lið til keppni í meistaraflokki, með eða án aldurstakmarkana. Reglur yrðu settar um hlutgengi út frá aldri og/eða þátttöku í leikjum aðalliðs. Varalið gæti ekki leikið í sömu deild og aðallið. Hugsanlega væri hægt að setja frekari reglur um þetta, s.s. að deild þurfi að vera á milli aðal- og varaliðs sbr. t.d. Noreg og fleiri lönd. Og svo væri hægt að hafa sér deild fyrir varaliðin**

Í umræðum starfshópsins og svörum félaganna við fyrirspurn sem starfshópurinn sendi út á félög sem tefldu fram liði í meistaraflokki kvenna árið 2022 koma fram svipaðar vangaveltur um kosti og galla þess að leyfa varalið. Ýmsir telja að með því að heimila varalið yrðu til tækifæri fyrir fleiri leikmenn á að spila krefjandi leiki, samkeppni ykist og þannig yrði framþróun leikmanna hraðari. Ungir leikmenn gætu fengið tækifæri með aðalliði síns félags en spilað heila leiki í deildarkeppni meistaraflokks með varaliðinu. Liðum í deildarkeppni fjölgar og þar með leikjum sem leiknir eru í meistaraflokki. Vandamál tengd hlutgengi leikmanna í evrópukeppnum væru ekki lengur til staðar. Einnig má nefna að þá gætu eldri leikmenn, sem ekki stefna á feril með aðalliði félagsins, haldið áfram að leika undir merkjum síns félags, með varaliði.

Á hinn bóginn hafa sumir haft áhyggjur af því að sú tilhneiging, að bestu leikmennirnir safnist í fáein lið, verði enn ríkari. Jafnframt að erfiðara verði fyrir félög að fá lánsmenn til sín úr félögunum í efri deildum, eins og tíðkast hefur, og þannig verði erfiðara að halda úti starfi í meistaraflokki í sumum félögum. Einnig hefur verið bent á að hugsanlega verði slík heimild til þess að fækka félögum sem tefla fram liði í 2.fl.kv/u20 og stuðli þannig að enn frekara brottfalli úr þeim aldurshópi, ekki megi gleyma hlutverki knattspyrnuhreyfingarinnar sem þátttakanda í forvarnar- og lýðheilsustarfi. Þá hafa einhverjir nefnt hvort rekstrarforsendur séu til staðar hjá félögunum til að reka tvo meistaraflokka í deildarkeppni kvenna og sjá um þá umgjörð sem slíkt krefst með tilheyrandi fjölda sjálfboðaliða.

Eitt af því sem hópurinn gerði var að kanna hvernig þessum málum er háttað í nokkrum nágrannaríkjum. Mörg dæmi eru um að heimildir séu til þess að tefla fram varaliðum í deildarkeppni meistaraflokka. Upplýsingarnar fengum við í samtölum við núverandi og fyrrverandi leikmenn og/eða þjálfara í þessum löndum. Í **Svíþjóð** miðast keppnin við U19 ára leikmenn og er haldin sem sérstök deildarkeppni. Í upphafi er mótinu svæðisskipt en seinni hlutinn er leikinn á landsvísu. Í **Noregi** geta varalið félaga tekið þátt í deildarkeppni

meistaraflokka, geta ekki leikið ofar en í þriðju efstu deild, og tvær deildir þurfa að vera milli aðal- og varaliðs. Þar eru bæði aldurstengdar hlutgengisreglur sem og reglur sem miða við þátttöku í leikjum aðalliðs. Svipað fyrirkomulag er í **Danmörku** en með einhverjum útfærslumun. **Í Þýskalandi** og **Hollandi** má skrá varalið með aldurstakmörkunum í deildarkeppni, nota má eldri leikmenn með nokkuð ströngum hlutgengisreglum og varalið getur ekki leikið í efstu deild. Verði tekin ákvörðun á einhverjum tímapunkti um að heimila skráningu varaliða væri hægt að líta til þessara landa varðandi fyrirmyndir en athyglivert er að fyrirkomulagið er nokkuð ólíkt milli þessara landa. Finna þyrfti út hvaða fyrirkomulag hentar best íslenskum aðstæðum.

Umræða um varalið í meistaraflokki kvenna hefur reglulega skotið upp kollinum í tengslum við ársþing KSÍ

a.m.k. undanfarinn áratug. Skoðanir hafa verið mjög skiptar og þess vegna hefur málið ratað í hvern starfshópin á fætur öðrum án niðurstöðu. Á því er ekki breyting núna. Snemma kom í ljós að ekki væri eining innan hópsins um það hvort heimila eigi varalið og þá hvaða leið sé best að fara. Álitamálin eru mörg eins og hér hefur verið tíundað og endurspegladist það í umræðum hópsins. Hópurinn gerði sér far um að afla sér upplýsinga um hug félaganna til málsins og fá fram sem flest sjónarmið enda telur hann að til þess að málið fái framgang, eða einhvers konar málalok verði, þurfi víðtækari sátt um leiðirnar en hingað til hefur verið. Þess má geta að skv. þeirri, vissulega óformlegu, könnun sem starfshópurinn gerði er meirihluti félaga sem tekur afstöðu hlyntur því að e.k. varaliðsleið verði að veruleika - það er þó talsvert frá því að einhugur sé um hvernig eigi að bera sig að. E.t.v. er góð skráning í u20 ára keppni kvenna í ár einhver vísir að því að félögin sjái fyrir sér að þar megi þróa og þroska unga og efnilega leikmenn nú þegar hlutgengisreglur í þeirri keppni hafa verið rýmkaðar verulega. Það verður a.m.k. spennandi að fylgjast með þróun þeirrar keppni í sumar.

Hvað tekur við núna? Þegar verið er að ræða breytingar eins og þá sem hér hefur verið fjallað um er alltaf mikilvægt að horfa á stóru myndina. Til er nýleg skýrsla starfshóps um fyrirkomulag á deildarkeppnum kvenna frá því í árslok 2021. Út frá vinnu þess hóps var m.a. tekin ákvörðun um að rýmka hlutgengisreglur í 2.fl.kv sem virðist hafa gefið góða raun og e.t.v. gætu næstu skref verið að rýmka þær enn frekar. Einnig var tekin ákvörðun um að reyna nýtt fyrirkomulag í Bestu deild kvenna nú í sumar. Í því felst fjölgun leikja og lenging keppnistímabilsins. Þar er líka stungið upp á að skoða e.t.v. sambærilega leið í Lengjudeild kvenna í framhaldinu takist nýtt fyrirkomulag í Bestu deildinni vel upp. Þessar breytingar gætu haft áhrif á þörf félaganna fyrir varalið

- nú eða ekki. Við verðum að meta vandlega ávinning og áhrif þeirra breytinga sem eru gerðar og taka þannig upplýsta ákvörðun um næstu skref, ávallt með það í huga að fjölga verðugum verkefnum fyrir unga og efnilega leikmenn og bæta íslenskan fótbolta - við verðum að halda áfram samtalinu og halda áfram að leita lausna til að svo megi verða - e.t.v. felst lausnin í einhverri þeirra þriggja leiða sem starfshópurinn ræddi, þar eru a.m.k. útgangspunktur sem mætti halda áfram að þróa og ræða þar til fæst niðurstaða sem meiri hluti fellir sig við og er líkleg til að skila tilætluðum árangri.

Flosi Eiríksson (Breiðablik). Flosi byrjaði á því að þakka starfshópnum fyrir ágæta yfirferð og þeirra störf. Flosi benti á að búið væri að flytja tillögu um varaliðskeppni á nokkrum ársþingum undanfarin ár og aldrei fengið brautargengi. Hann óskaði eftir því að þetta mál yrði unnið enn frekar og lagði fram tillögu:

Í framhaldi af skýrslu starfshóps um varalið kvenna samþykkir ársþing KSÍ, á Ísafirði, að fela stjórn sambandsins að skipa starfshóp sem komi fram með hugmyndir og tillögur um mögulegt fyrirkomulag varaliða kvenna í deildakeppni meistaraflokka. Tillögum verði skilað í afgreiðsluhæfu formi á næsta þingi KSÍ.

Þingforseti óskaði eftir heimild þingsins til að taka fyrir tillögu Flosa. Þingheimur samþykkti að taka tillöguna til umfjöllunar. Enginn kvaddi sér hljóðs og því var gengið til atkvæðagreiðslu um tillöguna.

**Tillagan var samþykkt einróma.**

### **Kosningar**

Samþykktar breytinga á lögum KSÍ á 77. ársþingi taka ekki gildi fyrr en að ÍSÍ hefur veitt þeim samþykki sitt og staðfestingu. Þingforseti óskaði hins vegar eftir því að kosin verði kjörnefnd, þar sem sú nefnd gegnir hlutverki fyrir næsta ársþing. Og eins óskaði þingforseti eftir því að þingið staðfesti skipan varaformanns ÍTF sem staðgengil formanns ÍTF í stjórn KSÍ. Hvort tveggja mun hins vegar ekki taka gildi fyrr en ÍSÍ hefur samþykkt þær lagabreytingar sem samþykktar voru á 77. ársþingi KSÍ.

**Tillaga um kosningu kjörnefndar var samþykkt einróma.**

**Tillaga um að varaformaður ÍTF verði staðfestur sem varamaður formanns ÍTF í stjórn KSÍ var samþykkt einróma.**

Álit kjörnefndar flutti Steinn Halldórsson formaður.

Í kjörnefnd eru:

Steinn Halldórsson, formaður  
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir  
Magnús Guðmundsson

**Kosning 4ra manna í stjórn KSÍ til tveggja ára:**

Eftirtaldir fjórir aðilar gáfu kost á sér í aðalstjórn:

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson  
Helga Helgadóttir  
Tinna Hrund Hlynsdóttir  
Unnar Stefán Sigurðsson

Fleiri framboð bárust ekki og voru þau því sjálfkjörin.

**Kosning varamanna til stjórnar til eins árs:**

Eftirtaldir þrír aðilar gáfu kost á sér í varastjórn:

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir  
Jón Sigurður Pétursson  
Sigrún Ríkharðsdóttir

Fleiri framboð bárust ekki og voru þau því sjálfkjörin.

### **Kosning fulltrúa á íþróttapeing ÍSÍ**

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttapeing ÍSÍ til stjórnar KSÍ var samþykkt.

### **Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis**

Kjörnefnd gerði tillögu um Birnu Maríu Sigurðardóttur (Deloitte) og var hún sjálfkjörin.

### **Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ til tveggja ára**

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Gunnar Guðmundsson, formaður  
Björg Ásta Þórðardóttir, varaformaður  
Helgi R. Magnússon, Varaformaður  
Andri Valur Ívarsson  
Ásta Björk Eiríksdóttir  
Erna Birgisdóttir  
Gunnar Sverrir Gunnarsson  
Þröstur Ríkharðsson

### **Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ**

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Aðalmenn:

Feldís Lilja Óskarsdóttir, formaður  
Jóhannes Albert Sævarsson  
Steinar Þór Guðgeirsson

Varamenn:

Eva B. Helgadóttir  
Halldór Brynjar Halldórsson  
Höskuldur Eiríksson  
Lúðvík Örn Steinarsson  
Valgerður Valdimarsdóttir

### **Kjörnefnd**

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þau sjálfkjörin:

Rúnar Vífill Arnarsson, formaður  
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir  
Magnús Guðmundsson

### **Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn KSÍ til tveggja ára og eins fulltrúa ÍTF sem varamann í stjórn KSÍ til tveggja ára**

Orri Hlökkversson var kosinn formaður ÍTF á aðalfundi félagsins 13. febrúar sl. og leggur kjörnefnd til að ársþing KSÍ staðfesti setu hans í stjórn KSÍ til tveggja ára.

Jón Rúnar Halldórsson var kosinn varaformaður ÍTF á aðalfundi félagsins 13. febrúar sl. og leggur kjörnefnd til að ársþing KSÍ staðfesti setu hans sem varamann í stjórn KSÍ til tveggja ára.

### Kosning í siðanefnd KSÍ til tveggja ára

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Aðalmenn:

Halldór Frímannsson, formaður

Kristrún Heimisdóttir

Ómar Bragi Stefánsson

Varamenn:

Hanna S. Sigurðardóttir

Júlíus Bessason

Rósa Júlía Steinþórsdóttir

Steinn Halldórsson, formaður kjörnefndar, tilkynnti að þetta yrði hans síðasta ársþing sem formaður kjörnefndar. 77. ársþing KSÍ er 51. ársþingið sem Steinn situr og hefur hann gengt hinum ýmsu hlutverkum. Þingheimur stóð upp, klappaði og þakkaði Steini fyrir hans störf.

**Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.**

---


### Þingslit

Gísli Gíslason, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf.

Að endingu sagði Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, 77. ársþingi KSÍ slitið.



Gísli Gíslason  
1. þingforseti



Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir  
2. þingforseti



Hulda Birna Baldursdóttir  
1. þingritari



Dagur Sveinn Dagbjartsson  
2. þingritari

